



HÁSKÓLANÁMSSETUR Á VESTFJÖRÐUM

- ATHUGUN Á FORSENDUM OG GREINING Á ÞÖRF -

Unnið fyrir Menntamálaráðuneytið

**Hjördís Sigursteinsdóttir
Kjartan Ólafsson**

Mars 2004

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	3
TÖFLUSKRÁ	4
1. INNGANGUR	5
2. GÖGN OG AÐFERÐIR	6
2.1 AFMÖRKUN.....	6
3. GREINING Á SAMFÉLAGSLEGUM ÞÁTTUM	7
3.1. LANDSSVÆÐIÐ OG NÚVERANDI SAMGÖNGUR.....	7
3.1.1. Sveitarfélögin.....	7
3.1.2. Samgöngur.....	7
3.2. MANNFJÖLDI.....	9
3.2.1. Mannfjöldapróun	9
3.2.2. Kynja- og aldursskipting.....	11
3.2.3. Búferlaflutningar.....	12
3.2.4. Fjölskyldumunstur.....	15
3.3. VINNUMARKAÐUR.....	17
3.3.1. Atvinnuþátttaka og starfandi fólk	19
3.3.2. Atvinnuleysi.....	22
3.3.3. Menntunarstig.....	24
3.3.4. Tekjur og efnahagur.....	26
3.3.5. Fyrirtæki.....	28
3.4. SAMANTEKT	30
4. VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS	32
4.1. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	32
4.2. ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	33
4.3. SÍMENNTUN OG FJARNÁM.....	38
4.3.1. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum?	38
4.3.2. Hefur þú reynt af fjarnámi?	42
4.4. VIÐHORF TIL HÁSKÓLANÁMS.....	44
4.4.1. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám?	45
4.4.2. Myndir þú vilja fara í fullt nám eða hlutanám?.....	47
4.4.3. Hvað langar þig helst til þess að læra?	49
4.5. FRAMTÍÐARBÚSETA.....	50
4.5.1. Hversu líklegt er að þú munir flytja búferlum á næstu árum?	50
4.5.2. Hversu líklegt er að menntun barna hafi áhrif á flutning?.....	52
4.5.3. Líkur á að fá starf við hæfi ef menntun er aukin?	54
4.6. SAMANTEKT	57
5. KÖNNUN MEÐAL FYRIRTÆKJA	59
5.1. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	59
5.2. ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	60
5.3. AUKIN ÞEKING OG HÆFNI.....	63
5.3.1. Á hvaða sviðum hefur fyrirtækið/stofnunin þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólksins?	63
5.3.2. Hvaða leiðir henta best til að auka hæfni starfsfólks innan fyrirtækisins/stofnunarinnar?...64	64
5.4. VIÐHORF STJÓRENDA TIL AUKINNAR ÞEKINGAR OG HÆFNI.....	65
5.4.1. Hvernig myndir þú lýsa möguleikum starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu?...65	65
5.4.2. Myndi fyrirtækið/stofnunin styðja starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi?	66
5.4.3. Telur þú að fyrirtækið/stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar?	67
5.5. SAMANTEKT	69
6. HÁSKÓLANÁMSSETUR – NOKKRAR HUGLEIÐINGAR	71

6.1. LOKAORÐ.....	77
7. VIÐAUKI	79
7.1. HVÆÐ LANGAR ÞIG HELST TIL AÐ LÆRA?.....	79
7.2. Á HVÆÐA HÁTT GETUR FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN HAFT HAG AF SAMSTARFI VIÐ HÁSKÓLA- OG RANNSÓKNASTOFNANIR?.....	82
7.3. HVERS VEGNA GETUR FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN EKKI HAFT HAG AF SAMSTARFI VIÐ HÁSKÓLA- OG RANNSÓKNASTOFNANIR?.....	83
HEIMILDIR	84

Myndaskrá

Mynd 1. Helstu vegir á Vestfjörðum árið 2003.....	8
Mynd 2. Bundið slitlag á vegum á Vestfjörðum í árslok 2003.	9
Mynd 3. Mannfjöldi í sveitarfélögum á Vestfjörðum árið 2003.	10
Mynd 4. Mannfjöldabróunin á Vestfjörðum 1901-2003.....	10
Mynd 5. Mannfjöldabreyting eftir sveitarfélögum 1994-2003.	11
Mynd 6. Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum og Íslandi árið 2003.....	11
Mynd 7. Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum 1994 og 2003.	12
Mynd 8. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta í innanlandsflutningum eftir landssvæðum 1986-1995, 1996-2000 og 2003.	13
Mynd 9. Tíðni flutninga milli landshluta eftir kyni og aldri 2003.	13
Mynd 10. Atvinnuskipting þjóðarinnar 2002.....	18
Mynd 11. Atvinnuþátttaka eftir kynferði 1991-2003.	19
Mynd 12. Fjöldi starfandi fólks á Vestfjörðum 1998-2003.....	21
Mynd 13. Hlutfall starfsandi fólks á Vestfjörðum eftir aldri 1998-2003.	21
Mynd 14. Skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum eftir kyni 1991-2002.....	22
Mynd 15. Skráð atvinnuleysi árið 2002 eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum.....	23
Mynd 16. Skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum eftir aldri 1991-2002, meðaltal ársins.....	24
Mynd 17. Skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum eftir aldri og lengd atvinnuleysis árið 2002.	24
Mynd 18. Meðaltekjur eftir atvinnugreinum og svæðum 2002.	26
Mynd 19. Meðaltekjur karla eftir atvinnugreinum og svæðum 2002.	27
Mynd 20. Meðaltekjur kvenna eftir atvinnugreinum og svæðum 2002.....	27
Mynd 21. Svarhlutfall í einstaklingskönnun.....	32
Mynd 22. Aldur og kyn þátttakenda í einstaklingskönnuninni.....	33
Mynd 23. Búseta þátttakenda í einstaklingskönnuninni.	34
Mynd 24. Nám sem svarendur hafa lokið.	34
Mynd 25. Nám á háskólastigi sem svarendur hafa lokið.	35
Mynd 26. Ert þú í starfi?.....	36
Mynd 27. Við hvað starfar þú?.....	36
Mynd 28. Starfshlutfall viðkomandi.	37
Mynd 29. Ástæður þess að viðkomandi sé ekki í starfi.	38
Mynd 30. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum?	39
Mynd 31. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum, greint eftir kyni og aldri.	39
Mynd 32. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum, greint eftir búsetu.....	39
Mynd 33. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum, greint eftir starfsgrein.....	40
Mynd 34. Nám eða símenntun sem viðkomandi hefur sótt á síðastliðnum 2 árum.	41
Mynd 35. Helstu ástæður þess að viðkomandi hafa ekki sótt nám eða símenntunarnámskeið á síðastliðnum 2 árum.	42
Mynd 36. Hefur þú reynslu af fjarnámi?	43
Mynd 37. Hefur þú reynslu af fjarnámi, greint eftir kynferði og aldri.	43
Mynd 38. Hvernig líkaði þér fjarnámið?.....	44
Mynd 39. Hvernig líkaði þér fjarnámið, greint eftir kynferði og aldri.	44
Mynd 40. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám?	45
Mynd 41. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám, greint eftir kynferði og aldri.....	46
Mynd 42. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám, greint eftir búsetu.....	46
Mynd 43. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám, greint eftir námi.....	46
Mynd 44. Hvernig háskólanám myndir þú vilja eiga kost á því að stunda?.....	47
Mynd 45. Hvernig nám myndir þú vilja stunda?.....	48
Mynd 46. Hvernig nám myndir þú vilja stunda, greint eftir kynferði og aldri.	48

Mynd 47. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir á næstu tveimur til þremur árum?	51
Mynd 48. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir á næstu tveimur til þremur árum, greint eftir kynferði og aldri.	51
Mynd 49. Hvar er líklegast að þú myndir velja þér búsetu?	52
Mynd 50. Hver er helst ástæða þess að þú hyggur á flutning?	52
Mynd 51. Hversu líklegir eru flutningar í framtíðinni vegna menntunar barna þinna?.....	53
Mynd 52. Hversu líklegir eru flutningar í framtíðinni vegna menntunar barna greint eftir kyni og aldri.....	53
Mynd 53. Hversu líklegir eru flutningar í framtíðinni vegna menntunar barna þinna greint eftir starfi.	54
Mynd 54. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin?	55
Mynd 55. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir kynferði og aldri.	55
Mynd 56. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir búsetu.....	55
Mynd 57. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir námi.	56
Mynd 58. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir starfi.....	56
Mynd 59. Svarhlutfall í fyrirtækjakönnun.....	60
Mynd 60. Starfsemi fyrirtækja.	61
Mynd 61. Staðsetning fyrirtækja sem svöruðu könnuninni.....	61
Mynd 62. Staðsetning fyrirtækja.	62
Mynd 63. Fjöldi ársverka fyrirtækja.....	62
Mynd 64. Starfsmannafjöldi fyrirtækjanna	62
Mynd 65. Fjöldi starfsmanna með háskólagráðu.....	63
Mynd 66. Á hvaða sviðum hefur fyrirtækið/stofnunin þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólks?.....	64
Mynd 67. Hvaða leiðir henta best til að auka hæfni starfsfólks innan fyrirtækisins/stofnunarinnar?	65
Mynd 68. Möguleikar starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu.	66
Mynd 69. Myndi fyrirtækið/stofnunin styðja starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi?	66
Mynd 70. Hvernig myndi fyrirtækið/stofnunin styðja við starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi?	67
Mynd 71. Telur þú að fyrirtækið/stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar?.....	68
Mynd 72. Telur þú að fyrirtækið/stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar, greint eftir staðsetningu fyrirtækis.....	68

Töfluskrá

Tafla 1. Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum 2003	14
Tafla 2. Búferlaflutningar milli landssvæða 2003.....	15
Tafla 3. Aðfluttur umfram brottflutta milli landssvæða 2003.....	15
Tafla 4. Fjölskyldustaða eftir kyni og landssvæðum 2002, %	16
Tafla 5. Kjarnafjölskyldur eftir búsetu árið 2002.	17
Tafla 6. Meðalfjöldi í kjarnafjölskyldu 2002, %	17
Tafla 7. Atvinnuþátttaka eftir aldri, kyni og búsetu 1991-2001	20
Tafla 8. Hlutfallsleg skipting menntunar hjá starfandi fólki 1991-2001	25
Tafla 9. Starfsmannafjöldi launagreiðenda.	28
Tafla 10. Starfsmannafjöldi eftir atvinnugreinum á Vestfjörðum.....	28
Tafla 11. Nýskráningar hluta- og einkahlutafélaga eftir landssvæðum 2003.....	29
Tafla 12. Nýskráningar hluta- og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum og landssvæðum 2003	29
Tafla 13. Starf greint eftir kyni.....	36
Tafla 14. Starf greint eftir búsetu.....	37
Tafla 15. Yfirlit yfir símenntunarnámskeið.....	41
Tafla 16. Yfirlit yfir nám á háskólastigi.	41
Tafla 17. Námsleiðir sem settar voru í fyrsta sæti.	49
Tafla 18. Námsleiðir sem settar voru í annað sæti:	49
Tafla 19. Námsleiðir sem settar voru í þriðja sæti:	50
Tafla 20. Námsleiðir, samantekt.	50
Tafla 21. Hagur af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir.....	69

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum varðandi athugun á forsendum Háskólanámsseturs á Vestfjörðum. Athugunin er unnin af Bygðarannsóknastofnun Íslands¹ að beiðni menntamálaráðuneytisins.

Athugun þessi samanstendur af þremur verkþáttum, í fyrsta lagi er um að ræða lýðfræðilega greiningu á íbúum Vestfjarða með tilliti til þarfar fyrir menntun og þróun starfa á svæðinu, í öðru lagi úrtakskönnun meðal almennings á Vestfjörðum og í þriðja lagi könnun meðal fyrirtækja á Vestfjörðum.

Höfundar skýrslunnar eru Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, sérfræðingar við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

¹ Bygðarannsóknastofnun er sjálfstæð rannsóknastofnun sem staðsett er við Háskólann á Akureyri og stundar grunnrannsóknir á sviði byggðamála. Að stofnuninni standa Háskólinn á Akureyri, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Bygðastofnun.

2. Gögn og aðferðir

Markmið þessarar rannsóknar er að meta framtíðar þarfir fólks og fyrirtækja á Vestfjörðum fyrir menntun á háskólastigi. Til að svara þeirri spurningu þarf að afla margvíslegra gagna um félagsgerð samfélagsins á svæðinu sem og upplýsinga um viðhorf og væntingar einstaklinganna sem það byggja.

Til að greina grundvallarþætti í félagsgerðinni er notast við aðferðir sem þróaðar hafa verið við gerð samfélagslegs umhverfismats og byggjast á notkun fyrirliggjandi gagna frá opinberum aðilum á borð við Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnun. Með þessari greiningu og upplýsingum sem aflað var með könnun meðal forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana á svæðinu er leitast við að varpa ljósi á mögulega þróun atvinnulífs á svæðinu og þörf þess fyrir menntun. Til að meta líkindi þess að vinnumarkaðurinn á svæðinu muni í framtíðinni svara þörfum atvinnulífsins varðandi menntun og hæfni vinnuafls er notast við gögn sem aflað var með könnun meðal einstaklinga á Vestfjörðum. Niðurstöður kannaanna eru ýmist settar fram í töflum eða myndum ásamt texta sem ætlað er að varpa skýrara ljósi á þær eða draga fram aðalatriðin. Áreiðanleiki niðurstaðnanna er í öllum tilvikum metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í túlkun á gögnum varðandi tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

2.1 Afmörkun

Rannsóknin miðast við það svæði sem í daglegu tali er kallað Vestfirðir og nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Árneshrepps, Bolungavíkurkaupsstaðar, Broddaneshrepps, Bæjarhrepps, Hólmavíkurhrepps, Ísafjarðarbæjar, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps, Súðavíkurhrepps, Tálkna fjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Þessum sveitarfélögum er skipað í fjögur svæði:

1. **Norðanverðir Vestfirðir:** Ísafjarðarbær, Bolungavík og Súðavíkurhreppur.
2. **Sunnanverðir Vestfirðir:** Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
3. **Reykhólasvæði:** Reykhólahreppur.
4. **Strandir:** Árneshreppur, Broddaneshreppur Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur og Kaldrananeshreppur.

3. Greining á samfélagslegum þáttum

Í þessum kafla er lýst ýmsum grundvallarþáttum í samfélagsgerð Vestfjarða. Lýsingin miðar að því að draga upp mynd af þeim þáttum samfélagsins sem ætla má að skipti mestu þegar taka á ákvarðanir um framtíðarskipan framhaldsmenntunar á háskólastigi á svæðinu.

3.1. Landssvæðið og núverandi samgöngur

Í daglegu tali eru Vestfirðir svæði sem nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Strandasýslu. Á Vestfjörðum er strjálbýlt enda svæðið mjög fjöllótt og vogskorið sem gerir allar samgöngur frekar torveldar. Á Vestfjörðum eru 11 sjávarþorp sem öll eiga afkomu sína að mestu undir útgerð og vinnslu sjávarafurða. Hér á eftir er fjallað um sveitarfélögin á Vestfjörðum og samgöngur milli þeirra sem og við aðra hluta landsins.

3.1.1. Sveitarfélögin

Sveitarfélög á Vestfjörðum voru ellefu talsins í upphafi ársins 2004. Þeirra fjölmennast er Ísafjarðarbær sem varð til árið 1996 við sameiningu Ísafjarðar, Flateyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps. Ísafjarðarbær er miðstöð margvíslegrar þjónustu á Vestfjörðum. Annað fjölmennasta sveitarfélagið er Vesturbyggð sem varð til árið 1994 við sameiningu Barðastrandarhrepps, Bíldudalshrepps, Patrekshrepps og Rauðasandshrepps. Tálknafjarðarhreppur sem er milli Patreksfjarðar og Bíldudals tók hins vegar ekki þátt í sameiningunni. Þriðja stærsta sveitarfélagið er Bolungavíkurkaupsstaður. Önnur sveitarfélög á Vestfjörðum eru mun fámennari en þau eru Hólmavíkurhreppur sem varð til árið 2002 með sameiningu Hólmavíkur og Kirkjubólshrepps, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur sem varð til árið 1995 með sameiningu Súðavíkurhrepps, Reykjafjarðarhrepps og Ögurhrepps, Kaldraneshreppur, Bæjarhreppur, Árneshreppur og Broddaneshreppur.

3.1.2. Samgöngur

Vestfirðir afmarkast með nokkuð skýrum hætti frá öðrum landshlutum og mynda því í huga margra eina heild. Samgöngur innan svæðisins eru hins vegar um margt frekar torveldar, sérstaklega að vetrarlagi og því ekki hægt að líta á Vestfirði sem eitt samgöngusvæði. Sennilega er óhætt að fullyrða að samanburður milli samgöngukerfisins á Vestfjörðum og víðast

annarsstaðar á landinu sé svæðinu nokkuð í óhag. Ýmsir myndu jafnvel ganga svo langt að telja þær ófullnægjandi í nútíma samhengi.

Almenningssamgöngur innan Vestfjarða byggjast nær eingöngu á vegakerfinu. Flugsamgöngur eru eingöngu við Reykjavík en ekki lengur til annarra staða á landsbyggðinni. Auk þess býr norðursvæði Vestfjarða við takmarkanir á flugi, m.a. út af erfiðum skilyrðum til næturflugs. Almenningssamgöngur eru milli þéttbýlistaða á norðanverðum Vestfjörðum en ekki á sunnanverðum Vestfjörðum. Tenging milli sunnanverðra Vestfjarða og norðanverðra Vestfjarða er fremur bágborin, vegir ekki með bundnu slitlagi og um erfiða fjallvegi að fara að vetrarlagi. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er Hrafnfjarðarheiðin lokuð um 120 daga á ári að meðaltali og mokstursdagar eru 30-40. Reynt er að halda uppi flugsamgöngum milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar þrisvar sinnum í viku þá mánuði sem vegurinn þar á milli er ófær.



Mynd 1. Helstu vegir á Vestfjörðum árið 2003.



Mynd 2. Bundið slitlag á vegum á Vestfjörðum í árslok 2003.

3.2. Mannfjöldi


Í þessum kafla er fjallað um mannfjölda á Vestfjörðum. Mannfjöldinn er skoðaður með tilliti til mannfjöldaþróunar, kynja- og aldursskiptingar og fjölskyldumunsturs. Leitast var við að greina gögnin niður eftir sveitarfélögum ef slíkar upplýsingar fengjust, annars eftir svæðum eða Vestfjörðum í heild sinni.

3.2.1. Mannfjöldaþróun

Brottlutningur er megineinkenni mannfjöldaþróunar á Vestfjörðum nær alla síðustu öld. Um aldamótin 1900 bjuggu um 16% þjóðarinnar á Vestfjörðum en árið 2003 var hlutfallið komið niður fyrir 3%.

Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi hefur aukist á síðustu árum og var orðið 3,5% landsmanna þann 31. des. 2003 en árið 1995 var hlutfallið 1,8%. Hlutfallslega flestir erlendir ríkisborgarar búa á Vestfjörðum. Árið 2003 voru 6,2% íbúa á Vestfjörðum erlendir ríkisborgarar.


Flest sveitarfélöganna á Vestfjörðum eru fámenn en 8 af 11 sveitarfélögum eru með færri en 500 íbúa og tvö þeirra með færri en 100 íbúa. Ísafjörður er langstærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum með 4.139 íbúa þann 31. des. 2003 og búa þar meira en helmingur allra Vestfirðinga eða rúm 53%. Vesturbyggð telur 1.073 íbúa eða tæplega 14% mannfjöldans á Vestfjörðum og Bolungarvík með 944 íbúa eða um 12% mannfjöldans.




Mynd 3. Mannföldi í sveitarfélögum á Vestfjörðum árið 2003.

Þegar litið er til mannfjöldaþróunar á Íslandi á síðustu tíu árum þá hefur fólki fækkað mest á Vestfjörðum. Breytilegt er milli sveitarfélaga hvernig þróunin hefur verið en fækkun hefur orðið í þeim öllum nema einu, á Tálknafirði en þar hefur orðið fjölgun um 0,3% litið til síðustu 10 ára. Langmesta fækkunin er í Broddaneshreppi 47,1% og Árneshreppi 45,6%.

Árið 2003 fækkaði í öllum byggðarkjörnum á Vestfjörðum en þó minnst í Ísafjarðarbæ.




Mynd 4. Mannfjöldaþróunin á Vestfjörðum 1901-2003.




Mynd 5. Mannfjöldabreyting eftir sveitarfélögum 1994-2003.

3.2.2. Kynja- og aldurskipting

Í þessum kafla er fjallað um samsetningu íbúafjöldans, þ.e. aldursdreifing og hlutfall karla og kvenna. Samsetning íbúafjöldans breytist þegar íbúapróun hefur verið neikvæð í langan tíma. Tilhneigingin er sú að ungt fólk á aldrinum 20-39 ára flyst í meira mæli búferlum og sömuleiðis flytja konur í meira mæli en karlar. Þetta má glögg sjá á mynd 6 en þar er kynja- og aldurskipting á Vestfjörðum borin saman við landið í heild sinni. Þar kemur að vísu fram að það er aðallega aldurshópurinn 25-39 ára sem vantar á Vestfjörðum sem og konur á aldrinum 50-64 ára.



Mynd 6. Samanburður á kynja- og aldurskiptingu á Vestfjörðum og Íslandi árið 2003



Mynd 7. Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum 1994 og 2003.

Mynd 7 sýnir breytinguna á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum á síðustu 10 árum. Þar má glögg sjá að hlutfall fólks yngra en 40 ára hefur minnkað. Sérstaklega hefur hlutfall barna yngri en 14 ára minnkað sem og fólk á aldrinum 25-39 ára og á þetta við um bæði kynin. Ennfremur má sjá að hlutfall karla eldri en 40 ára er mun hærra en hlutfall kvenna á sama aldursskeiði.


3.2.3. Búferlaflutningar

Í þessum kafla er fjallað um búferlaflutninga á Vestfjörðum. Skoðaðir eru heildarbúferlaflutningar, flutningar innan sveitarfélaga, milli sveitarfélaga og landssvæða og flutningar milli landa.

Í meira en tuttugu ár hefur flutningsjöfnuður á landsbyggðinni verið neikvæður, þ.e. fleiri brottfluttir en aðfluttir, en á sama tíma hefur flutningsjöfnuður verið jákvæður á höfuðborgarsvæðinu. Á allra síðustu árum hefur þó dregið verulega úr þessum flutningum til höfuðborgarsvæðisins². Vestfirðir hafa ekki farið varhluta af þessari þróun eins og fram kom í kaflanum um þróun mannfjöldans. Vestfirðir er það landssvæði sem verst hefur farið út úr þessum búferlaflutningum innanlands, sérstaklega þegar horft er til áraanna 1996-2000. Þá fluttu um 39,5 af hverjum 1.000 íbúum frá Vestfjörðum en á allra síðustu árum hefur aðeins dregið úr þessum brottflutningi því árið 2003 var flutningsjöfnuður á Vestfjörðum


² Varast ber þó að draga af sterkar ályktanir af þessari breytingu þar til ljóst er hvort um er að ræða tímabundna breytingu eða varanlega. Jafnframt ber að hafa í huga raun stækkun höfuðborgarsamfélagsins útfyrir mörk þeirra sveitarfélaga sem lengstum hafa talist til höfuðborgarsvæðisins.

16,7 af hverjum 1.000 íbúum. Vestfirðir voru þó allan 10. áratuginn það svæði á landsbyggðinni sem missti hlutfallslega flesta íbúa. Á síðari hluta 10. áratugarins var flutningsjöfnuður til Vestfjarða frá útlöndum jákvæður en þá voru aðfluttir frá útlöndum talsvert fleiri en brottfluttir, þrátt fyrir annars umfangsmikla flutninga frá svæðinu.



Mynd 8. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta í innanlandsflutningum eftir landssvæðum 1986-1995, 1996-2000 og 2003.

Algengast er að fólk skipti um lögheimili á aldrinum 20-29 ára, hvort sem um er að ræða flutninga innanlands eða utan. Þegar fólk hefur náð 30 ára aldri dregur mjög hratt úr búferlaflutningum. Einnig er tilhneigingin sú að konur flytja í meira mæli en karlar, sérstaklega ungar konur. Konur á aldrinum 18-19 ára eru helmingi líklegri til að flytja en karlar á sama aldri. Flutningstíðni 18 ára kvenna er 61 af hverjum 1.000 samanborið við aðeins 33 af hverjum 1.000 körlum. Þetta á líka við um Vestfirði en þó virðist fólk vera aðeins eldra þar þegar það hefur þessa flutninga.



Mynd 9. Tíðni flutninga milli landshluta eftir kyni og aldri 2003.

Horft eingöngu til Vestfjarða má sjá að flutningsjöfnuður þar árið 2003 var neikvæður um 130 manns, þ.e. 506 manns fluttu til Vestfjarða en 636 fluttu frá Vestfjörðum. Flutningsjöfnuðurinn er mjög misjafn milli sveitarfélaga á Vestfjörðum en t.d. í Hólmavíkurhreppi og Bæjarhreppi er hann jákvæður, þ.e. fleiri flytja þangað en fara burt. Á sama tíma kemur Vesturbyggð frekar illa út þar sem flutningsjöfnuðurinn er neikvæðastur þar þrátt fyrir að það sé ekki stærsta sveitarfélagið.

Flutningar milli landssvæða eru mun algengari á Vestfjörðum en flutningar milli sveitarfélaga innan sama landssvæðis eða á milli landa. Tæplega 66% þeirra sem flytja til Vestfjarða koma af öðrum landssvæðum, 19% aðfluttra koma frá öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum og 15% koma erlendis frá. Meira en helmingur þeirra sem koma frá öðrum landssvæðum kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða tæplega 58% en 42% af landsbyggðinni, aðallega frá Vesturlandi og Suðurnesjum og þó nokkrir frá Norðurlandi eystra. Þeir sem flytja í burtu fara aðallega til annarra landssvæða eða í 73% tilvika, 15% flytur annað á Vestfjörðum og 12% flytur erlendis. Af þeim sem flytur milli landssvæða fara 62% til höfuðborgarsvæðisins og 38% til annarra svæða á landsbyggðinni. Flestir fara á Suðurlandið eða 35% og 22% fer á Vesturland.

Tafla 1. Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum 2003

Búseta	Fluttir alls			Fluttir innan sveitarfélags	Fluttir milli svf. innan landsv.		Fluttir milli landssvæða		Fluttir milli landa	
	Aðfl. Umfram brfl.	Aðfluttir alls	Brottfluttir alls		Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir	Brottfluttir
Allt landið	-133	22.125	22.258	34.860	9.871	9.871	8.550	8.550	3.704	3.837
Höfuðborgarsvæði	373	14.107	13.734	22.696	7.899	7.899	3.690	3.131	2.518	2.704
Landsbyggð	-506	8.018	8.524	12.164	1.972	1.972	4.860	5.419	1.186	1.133
Vestfirðir	-130	506	636	932	94	94	333	464	79	78
Bolungarvík	-16	57	73	105	13	14	33	51	11	8
Ísafjarðarbær	-41	252	293	588	49	32	175	229	28	32
Reykholahreppur	-3	24	27	4	0	4	16	15	8	8
Tálknafjarðarhreppur	-7	17	24	23	2	1	7	19	8	4
Vesturbyggð	-49	56	105	139	2	7	40	82	14	16
Súðavíkurhreppur	-6	27	33	38	14	21	9	4	4	8
Árneshreppur	-2	8	10	0	0	0	8	10	0	0
Kaldraneshreppur	-9	13	22	12	2	0	11	20	0	2
Hólmavíkurhreppur	6	36	30	20	11	10	19	20	6	0
Bæjarhreppur	6	14	8	3	0	0	14	8	0	0
Broddaneshreppur	-9	2	11	0	1	5	1	6	0	0

Tafla 2. Búferlaflutningar milli landssvæða 2003

	Fluttir alls	Frá höfuðb. svæði	Frá landsbyggð							
			Lands- byggð alls	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land
Alls milli landssvæða	8.550	3.131	5.419	873	856	464	527	1.070	539	1.090
Til höfuðb. svæðis	3.690		3.690	606	625	289	320	695	345	810
Landsbyggð	4.860	3.131		267	231	175	207	375	194	280
Suðurnes	828	568	260		47	24	42	42	28	77
Vesturland	709	449	260	55		38	45	64	18	40
Vestfirðir	333	192	141	35	36		7	29	13	21
Norðurl. Vestra	407	237	170	31	19	18		60	20	22
Norðurl. Eystra	927	599	328	60	52	14	62		75	65
Austurland	556	309	247	18	20	20	18	116		55
Suðurland	1.100	777	323	68	57	61	33	64	40	

Tafla 3. Aðfluttir umfram brottflutta milli landssvæða 2003.

	Fluttir alls	Frá höfuðb. svæði	Frá landsbyggð							
			Lands- byggð alls	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land
Aðfluttir umfram brottflutta		-559	559	45	147	131	120	143	-17	-10
Til höfuðb. svæðis	559		559	38	176	97	83	96	36	33
Landsbyggð	-559	-559		7	-29	34	37	47	-53	-43
Suðurnes	-45	-38	-7		-8	-11	11	-18	10	9
Vesturland	-147	-176	29	8		2	26	12	-2	-17
Vestfirðir	-131	-97	-34	11	-2		-11	15	-7	-40
Norðurl. Vestra	-120	-83	-37	-11	-26	11		-2	2	-11
Norðurl. Eystra	-143	-96	-47	18	-12	-15	2		-41	1
Austurland	17	-36	53	-10	2	7	-2	41		15
Suðurland	10	-33	43	-9	17	40	11	-1	-15	

3.2.4. Fjölskyldumunstur

Í þessum kafla er fjallað um fjölskyldumunstur á Vestfjörðum. Til þess að fá sem gleggsta mynd af fjölskyldumunstri er fjölskyldustaðan skoðuð ásamt svokölluðum kjarnafjölskyldum. Til kjarnafjölskyldu teljast hjón og skráð sambúðarfólk og börn þeirra 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur sem búa með börnum sínum 17 ára og yngri.

Munur er á fjölskyldustöðu karla og kvenna en mun hærra hlutfall karla á Vestfjörðum eru einhleypir en kvenna eða 42,6% karla á móti 32,1% kvenna. Hlutfall einhleypa karla á Vestfjörðum er hærra en á landsvísu en hlutfall einhleypa kvenna á Vestfjörðum er lægra en á landsvísu. Hærra hlutfall karla og kvenna á Vestfjörðum er með maka og börn en á landsvísu og mun hærra hlutfall barna á Vestfjörðum er hjá tveimur fullorðnum eða 83% á móti 77,8% á landsvísu og 71% á höfuðborgarsvæðinu.

Flestir sem tilheyra kjarnafjölskyldu eru í hjónabandi með börn eða um 47% kjarnafjölskyldna á Vestfjörðum, 22% eru í hjónabandi án barna og 18% í óvígðri sambúð með börnum. Mun færri konur eru einstæðar með börn á Vestfjörðum en t.d. á höfuðborgarsvæðinu eða 9% á móti 15% á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar eru 1,3% kjarnafjölskyldna á Vestfjörðum fadir með barn eða börn en aðeins 0,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalfjöldi í kjarnafjölskyldum á Vestfjörðum er hærri samanborið við höfuðborgarsvæðið, Reykjavík og á landsvísu.

Tafla 4. Fjölskyldustaða eftir kyni og landssvæðum 2002, %

Hlutfallstölur % Búseta	Karlar 18 ára og eldri				Konur 18 ára og eldri				Börn 0-17 ára	
	Með maka	Með maka og börnum	Með börnum	Einhleypir	Með maka	Með maka og börnum	Með börnum	Einhleypar	Hjá tveimur fullorðnum	Hjá einum fullorðnum
Allt landið	26,2%	31,1%	0,8%	41,9%	25,9%	30,6%	10,0%	33,5%	77,8%	22,2%
Reykjavík	25,1%	27,0%	0,8%	47,1%	23,6%	25,4%	11,8%	39,3%	71,0%	29,0%
Höfuðborgarsvæðið	26,2%	29,9%	0,8%	43,1%	25,0%	28,5%	11,0%	35,5%	74,9%	25,1%
Landsbyggðin	28,1%	35,0%	0,7%	36,1%	27,4%	34,1%	9,7%	28,7%	80,4%	19,6%
Suðurnes	25,7%	33,6%	1,1%	39,6%	26,5%	34,6%	11,7%	27,2%	76,5%	23,5%
Vesturland	25,9%	33,9%	0,6%	39,5%	27,4%	35,9%	7,5%	29,2%	84,7%	15,3%
Vestfirðir	24,2%	32,2%	1,0%	42,6%	25,9%	34,4%	7,5%	32,1%	83,0%	17,0%
Norðurland vestra	26,5%	31,1%	0,9%	41,5%	28,0%	32,9%	6,2%	32,9%	85,4%	14,6%
Norðurland eystra	28,0%	33,8%	0,9%	37,3%	28,0%	33,8%	8,4%	29,7%	82,1%	17,9%
Austurland	25,8%	31,8%	1,1%	41,3%	28,4%	35,1%	6,4%	30,1%	85,8%	14,2%
Suðurland	25,8%	32,4%	1,0%	40,8%	27,5%	34,6%	8,0%	29,9%	82,7%	17,3%

Tafla 5. Kjarnafjölskyldur eftir búsetu árið 2002.

Búseta	Kjarnafjölskyldur							Útan kjarnafjölskyldu	
	Alls	Hjóna- band án barna	Hjóna- band með börnum	Óvígð sambúð án barna	Óvígð sambúð með börnum	Faðir með börn	Móðir með börn	Karlar	Konur
Allt landið	209.334	48.766	93.117	6.020	32.602	2.006	26.823	43.697	35.440
Reykjavík	76.048	17.900	30.983	3.922	10.921	744	12.804	36.506	19.346
Höfuðborgarsvæðið	127.937	30.030	56.203	2.696	17.900	1.150	18.732	52.056	27.903
Landsbyggðin	51.889	12.130	25.220	1.226	6.979	406	5.928	15.550	8.557
Suðurnes	12.858	2.778	5.708	300	2.143	152	1.777	3.943	2.366
Vesturland	10.963	2.518	5.166	224	2.003	76	976	3.553	2.091
Vestfirðir	5.779	1.280	2.703	144	1.037	75	540	2.136	1.253
Norðurland vestra	6.713	1.666	2.877	160	1.413	73	524	2.506	1.431
Norðurland eystra	20.355	4.764	9.069	608	3.664	198	2.052	6.425	3.577
Austurland	8.684	1.988	3.801	316	1.816	107	656	3.065	1.844
Suðurland	16.045	3.742	7.590	346	2.626	175	1.566	5.453	3.232


Tafla 6. Meðalfjöldi í kjarnafjölskyldu 2002, %

Búseta	Kjarnafjölskyldur						
	Alls	Hjóna- band án barna	Hjóna- band með börnum	Óvígð sambúð án barna	Óvígð sambúð með börnum	Faðir með börn	Móðir með börn
Allt landið	2,93%	2,00%	3,93%	2,00%	3,72%	2,29%	2,52%
Reykjavík	2,83%	2,00%	3,86%	2,00%	3,59%	2,26%	2,49%
Höfuðborgarsvæðið	2,88%	2,00%	3,89%	2,00%	3,62%	2,28%	2,49%
Landsbyggðin	2,96%	2,00%	3,94%	2,00%	3,66%	2,32%	2,51%
Suðurnes	2,99%	2,00%	3,96%	2,00%	3,78%	2,24%	2,61%
Vesturland	3,07%	2,00%	4,05%	2,00%	3,87%	2,24%	2,62%
Vestfirðir	3,05%	2,00%	3,99%	2,00%	3,87%	2,50%	2,62%
Norðurland vestra	3,03%	2,00%	4,02%	2,00%	3,94%	2,35%	2,61%
Norðurland eystra	2,99%	2,00%	3,99%	2,00%	3,79%	2,30%	2,56%
Austurland	3,02%	2,00%	3,99%	2,00%	3,88%	2,28%	2,54%
Suðurland	3,03%	2,00%	4,02%	2,00%	3,87%	2,27%	2,62%

3.3. Vinnumarkaður

Í þessum kafla er fjallað um vinnumarkaðinn, um stærð og samsetningu vinnuafslisins ásamt atvinnugreinaskiptingu, með áherslu á Vestfirði. Upplýsingar um vinnumarkaðinn skipt eftir sveitarfélögum eru öllu jöfnu ekki aðgengilegar og í flestum tilfellum aðeins hægt að fá upplýsingar á landsvísu eða eftir skiptingunni höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin. Þó er í sumum tilvikum hægt að fá upplýsingar eftir landshlutum. Leitast var við að flokka gögn í þessum kafla eins mikið niður og hægt var. Mannfjöldi er

skipt í tvennt; þeir sem eru á vinnumarkaði og þeir sem eru utan vinnumarkaðarins. Til vinnumarkaðarins teljast þeir sem eru starfandi eða atvinnulausir. Fólk á vinnumarkaði er skilgreint sem fólk á aldrinum 16 til 74 ára, þ.e. fólk sem hefur lokið grunnskóla og þar til fólk fer á eftirlaun. Miðjafnt er hvenær fólk fer á eftirlaun, en þó er algengast að fólk fari 67 ára gamalt.



Mynd 10. Atvinnuskipting þjóðarinnar 2002.


Hér á landi hafa upplýsingar launagreiðenda um fjölda vinnuvikna samkvæmt launamiðum lengi verið ein helsta undirstaða mælinga á stærð vinnumarkaðar og fjölda ársverka eftir atvinnugreinum, kynferði og búsetu. Þá hefur skráð atvinnuleysi hjá opinberum vinnumiðlunum legið til grundvallar mati á atvinnuleysi. Ýmsir gallar hafa verið á þessum gögnum. Upplýsingarnar um fjölda vinnuvikna hafa ekki verið nákvæmar og því ekki verið hægt að draga ályktanir af þeim um vinnutíma, starfstétt og fleira. Þá hafa upplýsingar um atvinnuleysi verið ósambærilegar við gögn um atvinnuleysi erlendis og einskorðast við talningu á skráðum atvinnulausum einstaklingum eftir kyni og fáeinum öðrum atriðum.

Í lok 9. áratugarins afréð Hagstofan því að efna til reglubundinna kannana til að afla haldbærra og greinargóðra gagna um vinnumarkaðinn hér á landi. Leitað var fyrirmynda annars staðar á Norðurlöndum og athugaðar sambærilegar kannanir í löndum Evrópusambandsins. Fyrsta könnunin fór fram í apríl 1991. Þær hafa síðan verið gerðar í apríl og nóvember ár hvert.

Til þess að meta stærð og samsetningu vinnuaflsins á síðasta áratug var lögð áhersla á að lýsa breytingum á þátttöku á vinnumarkaði, atvinnuleysi, menntunarstigi og tekjum og efnahag fólks. Ennfremur er skoðaður fjöldi fyrirtækja á Vestfjörðum eftir atvinnugreinum sem og fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja.

3.3.1. Atvinnuþátttaka og starfandi fólk

Í þessum kafla er fjallað um atvinnuþátttöku fólks og breytingar á vinnumarkaði síðustu 10 árin. Atvinnuþátttaka hefur á síðasta áratug haldist nokkuð stöðug, á bilinu 81–84% vinnuaflsins. Einhverjar sveiflur mælast á milli ára en ekki nægjanlega miklar til að þær teljist marktækar. Atvinnuþátttaka kvenna er mun minni en karla eða á bilinu 76–78% en atvinnuþátttaka karla er á bilinu 86–88%. Þó hefur atvinnuþátttaka kvenna frekar aukist á síðustu árum og er með því mesta sem gerist í vestrænum samfélögum. Einnig hefur atvinnuþátttaka elsta aldurshópsins, þ.e. 65–74 ára farið minnkandi. Í raun hefur menntunarstig meiri áhrif á atvinnuþátttöku en aldur eða kynferði, því atvinnuþátttaka þeirra sem minnsta menntun hafa hlotið er mun minni en þeirra sem lokið hafa frekara námi. Árið 2002 voru þannig 15,2% mannfjöldans með háskólamenntun á meðan þessi hópur var 17,5% vinnuaflsins. Þetta sama ár taldist 27,9% mannfjöldans aðeins hafa lokið grunnnámi en sá hópur var hins vegar 24,6% vinnuaflsins.



Mynd 11. Atvinnuþátttaka eftir kynferði 1991-2003.


Tafla 7. Atvinnuþátttaka eftir aldri, kyni og búsetu 1991-2001

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Allir	81,0%	81,8%	81,1%	81,3%	82,9%	81,6%	81,0%	82,3%	83,2%	83,5%	83,6%
16 – 24 ára	66,4%	67,3%	64,6%	65,4%	69,6%	67,3%	67,7%	73,3%	75,7%	79,2%	77,6%
25 – 34 ára	85,5%	87,5%	88,4%	88,6%	89,8%	89,2%	86,9%	86,0%	89,0%	89,65	89,7%
35 – 44 ára	92,0%	91,9%	92,1%	92,7%	94,5%	92,4%	91,9%	92,2%	93,3%	93,2%	93,3%
45 – 54 ára	95,2%	95,2%	93,5%	93,3%	93,5%	93,9%	94,7%	94,7%	94,3%	93,9%	93,9%
55 – 64 ára	87,2%	85,4%	87,0%	88,1%	88,7%	87,1%	86,4%	88,1%	87,1%	85,7%	87,35
65 – 74 ára	48,3%	50,5%	46,3%	43,4%	43,6%	42,7%	40,8%	41,3%	38,3%	35,0%	35,9%
Höfuðborgarsvæði	80,2%	80,9%	80,95	80,5%	81,9%	81,4%	80,5%	81,2%	82,8%	83,3%	83,6%
16 – 24 ára	66,2%	66,8%	62,5%	64,2%	66,8%	69,1%	69,9%	73,1%	75,3%	80,4%	78,0%
25 – 34 ára	83,4%	85,4%	88,5%	88,1%	88,6%	87,8%	85,4%	84,5%	88,1%	88,4%	89,0%
35 – 44 ára	92,5%	91,9%	91,7%	91,7%	93,8%	91,0%	91,3%	91,3%	93,3%	92,8%	92,9%
45 – 54 ára	94,6%	94,7%	93,9%	93,5%	92,5%	92,4%	94,2%	94,7%	95,0%	93,7%	93,0%
55 – 64 ára	85,9%	85,0%	87,6%	88,5%	87,8%	86,7%	87,3%	88,7%	88,1%	84,5%	88,9%
65 – 74 ára	50,6%	49,1%	45,1%	39,0%	44,7%	44,7%	39,9%	38,0%	35,5%	35,1%	35,5%
Landsbyggðin	82,2%	82,9%	81,4%	82,3%	84,3%	82,1%	81,8%	84,05	83,8%	83,8%	83,6%
16 – 24 ára	66,6%	68,0%	67,3%	67,1%	74,0%	64,5%	64,2%	73,6%	76,4%	77,2%	76,9%
25 – 34 ára	88,3%	90,5%	88,2%	89,5%	91,6%	91,6%	89,7%	89,0%	90,6%	91,8%	91,1%
35 – 44 ára	91,3%	91,8%	92,5%	94,2%	95,7%	94,3%	92,7%	93,6%	93,3%	93,8%	94,1%
45 – 54 ára	95,9%	95,9%	92,9%	92,9%	95,2%	96,0%	95,4%	94,8%	93,4%	94,3%	95,2%
55 – 64 ára	89,0%	85,9%	86,0%	87,5%	90,1%	87,7%	85,1%	87,4%	85,7%	87,3%	85,1%
65 – 74 ára	44,9%	52,8%	48,2%	50,0%	42,1%	40,1%	42,5%	46,7%	42,4%	34,9%	36,5%
KARLAR:	87,4%	87,6%	85,9%	85,8%	87,7%	86,4%	86,1%	87,1%	87,7%	87,95	88,2%
16 – 24 ára	67,1%	67,6%	62,9%	64,8%	71,9%	67,6%	66,6%	71,3%	73,3%	77,4%	77,6%
25 – 34 ára	95,9%	95,4%	94,8%	94,9%	95,65	94,5%	95,1%	93,2%	94,6%	93,6%	94,6%
35 – 44 ára	97,0%	97,7%	98,0%	97,4%	98,6%	97,4%	96,9%	97,6%	98,9%	98,6%	98,1%
45 – 54 ára	99,05	99,2%	98,3%	92,9%	96,2%	97,3%	98,4%	97,5%	97,8%	96,0%	96,2%
55 – 64 ára	93,5%	92,3%	93,3%	95,9%	92,7%	93,2%	91,7%	93,3%	94,1%	94,7%	92,8%
65 – 74 ára	63,35	64,2%	55,7%	51,4%	56,4%	54,7%	53,1%	55,5%	50,1%	48,3%	49,7%
KONUR:	74,6%	75,8%	76,1%	76,7%	77,9%	76,8%	75,8%	77,4%	78,6%	79,0%	78,9%
16 – 24 ára	65,65	67,1%	66,5%	66,1%	67,2%	67,0%	68,9%	75,3%	78,1%	81,1%	77,6%
25 – 34 ára	75,0%	79,5%	81,8%	82,2%	83,9%	83,9%	78,7%	78,8%	83,1%	85,4%	84,6%
35 – 44 ára	86,7%	85,85	85,7%	87,7%	90,3%	87,1%	86,7%	86,7%	87,7%	87,7%	88,5%
45 – 54 ára	91,3%	91,0%	88,7%	90,6%	90,85	90,4%	90,8%	91,8%	90,6%	91,8%	91,4%
55 – 64 ára	81,1%	78,7%	80,8%	80,5%	84,8%	81,3%	81,2%	83,0%	80,3%	76,8%	81,7%
65 – 74 ára	34,8%	38,2%	37,9%	36,2%	31,8%	31,8%	29,6%	28,3%	27,3%	22,6%	23,4%


Starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgaði um 7% á landsvísu á árunum 1998-2003. Fjölgunin varð mest á höfuðborgarsvæðinu eða 11% en þegar litið er á landsbyggðina þá var fjölgunin þar 2%. Í sumum landshlutum varð fækkun en ekki fjölgun og á það við um Vestfirði, þar fækkaði mest eða um 7%. Einnig má greina breytingar á aldurssamsetningu starfandi fólks á

Vestfjörðum því árið 1998 var hlutfall yngsta aldurshópsins, þ.e. 24 ára og yngri 23% af starfandi fólki en var komið niður í 21% árið 2002. Að sama skapi hefur hlutfall 35-64 ára fólks hækkað eða úr 52% í 54% af starfandi fólki.

Litið til atvinnugreina árin 1998-2002 þá fækkar fólki í frumvinnslugreinum (landbúnaði og sjávarútvegi) um 8% og iðnaði um 4% en fjölgar í þjónustugreinum um 13%, og hefur mikil aukning í fasteigna- og viðskiptaþjónustu (39%) þar mest áhrif sem og aukning í fræðslustarfsemi (22%). Á Vestfjörðum varð fækkunin í frumvinnslugreinum 30% eða sú mesta á landsvísu.



Mynd 12. Fjöldi starfandi fólks á Vestfjörðum 1998-2003.



Mynd 13. Hlutfall starfsandi fólks á Vestfjörðum eftir aldri 1998-2003.


Fjöldi Íslendinga er í tveimur störfum eða fleiri en það er einmitt einkenni íslensks vinnumarkaðar. Árið 2002 gegndu 17,2% starfandi fólks fleiri en einu starfi og er það mun algengara að fólk utan höfuðborgarsvæðisins sé í fleiri en einu starfi.

3.3.2 Atvinnuleysi

Í þessum kafla er fjallað um þá sem eru atvinnulausir. Atvinnulausir teljast þeir sem ekki voru í neinni vinnu í viðmiðunarviku, voru að leita sér að vinnu og voru tilbúnir til að hefja störf innan tveggja vikna.


Atvinnuleysi á Íslandi er mælt á tvennan hátt; annars vegar er það mælt í vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofunnar og hins vegar skráð atvinnuleysi sem byggist á gögnum frá vinnumiðlunum sveitarfélaga.

Á síðasta áratug hefur hlutfallslegt atvinnuleysi á Vestfjörðum verið minna en á landsvísu og töluvert minna en hlutfallslegt atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu. Almennt er hlutfallslegt atvinnuleysi karla minna en kvenna. Hlutfallslegt atvinnuleysi karla á landsvísu 1991-2002 liggur á bilinu 0,9%-4,1%, hæst árið 1995 en á Vestfjörðum fyrir sama tímabil er hlutfallið 0,3%-2,0%, hæst árið 1994. Hjá konum er hlutfallið á bilinu 1,8%-6,2% á landsvísu, hæst árið 1995 en 0,5%-3,6% á Vestfjörðum, hæst árið 1994.




Mynd 14. Skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum eftir kyni 1991-2002

Árið 2002 er skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum 1,3% eða 54 einstaklingar. Töluverðar sveiflur eru í atvinnuleysi milli mánaða en mun fleiri eru að öllu jöfnu atvinnulausir frá október til janúar, þá sérstaklega karlar. Atvinnuleysi er misjafnt milli sveitarfélaga á Vestfjörðum en yfirleitt er mjög lítið um atvinnuleysi í minni dreifbýlissveitarfélögum, og gjarnan þá aðeins 1-2 konur. Í stærstu sveitarfélögum, Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð eru sveiflur í atvinnuleysi mjög svipaðar þó fjöldinn sé meiri í Ísafjarðarbæ eins og sjá má á mynd 15. Þar má einnig sjá að sveiflur í atvinnuleysi í Bolungavík eru öðruvísi en á hinum stöðunum. Ekkert atvinnuleysi mælist á Drangsnesi eða Súðavíkurbreppi og aðeins örlítið í Hólmavíkurbreppi.




Mynd 15. Skráð atvinnuleysi árið 2002 eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Aldur hefur talsverð áhrif á líkur á atvinnuleysi og mun meiri sveiflur eru hjá yngri aldurshópnum en þeim eldri. Hluta af þeirri sveiflu má skýra með skólagöngu þeirra yngri en þeir leita gjarnan inn í skólana aftur frekar en að vera atvinnulausir til lengri tíma en þeir eru einnig líka meira færanlegir á vinnumarkaði. Á mynd 16 má greinilega sjá að lengd atvinnuleysis er háð aldri þannig að hinir eldri eru að jafnaði mun lengur á atvinnuleysissskrá en þeir sem yngri eru.



Mynd 16. Skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum eftir aldri 1991-2002, meðaltal ársins.



Mynd 17. Skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum eftir aldri og lengd atvinnuleysis árið 2002.

3.3.3 Menntunarstig

Í þessum kafla er fjallað um menntunarstig starfandi fólks. Ekki fengust upplýsingar eftir svæðum eða sveitarfélögum. Í vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofunnar er spurt um hæstu prófgráðu og eru svörin flokkuð í samræmi við menntunarflokka ISCED, Alþjóðlegu menntunarflokkunina. Grunn-

menntun samsvarar flokkum 1 og 2, starfs- og framhaldsmenntun 3, sérskólamenntun svarar vil flokks 5 og háskólamenntun samsvarar flokkum 6 og 7.

Ekki reyndist unnt að ná í upplýsingar um menntunarstig á Vestfjörðum þar sem fjöldi Vestfirðinga í Vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar er ekki nægjanlegur til að hægt sé að alhæfa út frá þeim gögnum. Hins vegar má sjá á töflu 8 að menntunarstig á landsbyggðinni er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt að mun fleiri karlar en konur hafa menntun umfram grunnskólapróf.

Tafla 8. Hlutfallsleg skipting menntunar hjá starfandi fólki 1991-2001


Búseta	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Allt landið											
Grunnskóli	41,8%	42,3%	41,4%	39,7%	38,0%	23,7%	24,9%	26,7%	27,3%	28,5%	26,9%
Starfsnámskeið						15,5%	16,8%	15,8%	15,4%	15,0%	14,9%
Framhaldsskóli	40,6%	39,5%	40,0%	40,3%	41,0%	31,3%	29,6%	28,9%	28,6%	28,1%	28,1%
Sérskóli	6,6%	6,9%	7,1%	7,7%	7,7%	15,6%	14,8%	14,7%	13,6%	13,2%	14,0%
Háskóli	11,1%	11,3%	11,6%	12,3%	13,3%	13,9%	13,9%	13,9%	15,0%	15,3%	16,2%
Höfuðborgarsvæði											
Grunnskóli	34,0%	35,7%	34,7%	33,4%	32,1%	20,3%	21,6%	23,6%	24,0%	24,6%	23,0%
Starfsnámskeið						12,5%	13,3%	12,3%	12,3%	12,7%	12,6%
Framhaldsskóli	41,5%	39,9%	40,8%	41,1%	41,3%	32,2%	29,8%	28,9%	29,5%	29,0%	29,3%
Sérskóli	8,6%	8,4%	8,5%	9,0%	8,9%	16,1%	16,0%	16,0%	14,6%	14,3%	15,2%
Háskóli	15,9%	16,0%	16,1%	16,6%	17,8%	18,9%	19,2%	19,1%	19,6%	19,3%	19,9%
Landsbyggð											
Grunnskóli	52,1%	51,2%	51,0%	48,6%	46,8%	28,7%	29,9%	31,6%	32,7%	34,6%	33,2%
Starfsnámskeið						19,9%	21,9%	21,2%	20,5%	18,6%	19,0
Framhaldsskóli	39,3%	39,0%	38,9%	39,2%	40,7%	30,1%	29,2%	28,8%	27,1%	26,5%	26,0%
Sérskóli	3,9%	4,8%	5,0%	5,9%	5,9%	14,8%	12,9%	12,6%	12,0%	11,4%	11,9%
Háskóli	4,7%	5,0%	5,2%	6,4%	6,6%	6,4%	6,0%	5,9%	7,6%	8,9%	9,9%
KARLAR:											
Grunnskóli	33,6%	33,6%	34,2%	32,5%	31,5%	17,3%	18,0%	19,3%	20,4%	22,2%	20,4%
Starfsnámskeið						17,1%	18,7%	16,8%	15,9%	16,5%	16,7%
Framhaldsskóli	47,7%	47,8%	47,5%	48,0%	49,3%	29,9%	28,6%	29,2%	29,0%	27,7%	27,5%
Sérskóli	5,8%	5,5%	5,2%	6,1%	5,7%	21,3%	19,7%	20,2%	18,9%	17,5%	19,0%
Háskóli	12,9%	13,1%	13,1%	13,5%	13,5%	14,4%	14,9%	14,4%	15,8%	16,2%	16,3%
KONUR:											
Grunnskóli	51,5%	52,6%	49,8%	47,7%	45,5%	31,2%	32,9%	35,2%	35,3%	35,6%	34,4%
Starfsnámskeið						13,7%	14,5%	14,7%	14,7%	13,3%	12,9%
Framhaldsskóli	32,0%	29,7%	31,1%	31,6%	31,6%	33,0%	30,8%	28,5%	28,2%	28,6%	28,8%
Sérskóli	7,5%	8,5%	9,3%	9,5%	10,0%	9,0%	9,0%	8,3%	7,7%	8,2%	8,1%
Háskóli	9,0%	9,3%	9,8%	11,2%	13,0%	13,2%	12,8%	13,4%	14,0%	14,3%	15,8%

3.3.4. Tekjur og efnahagur

Í þessum kafla er fjallað um atvinnutekjur fólks. Atvinnutekjur eru skilgreindar sem beinar skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga og ökutækjastyrks. Aðalatvinnugrein hvers starfandi manns telst vera sú atvinnugrein sem skilar hæstum tekjum í hverjum mánuði, ef fleiri en ein grein kemur til greina.


Meðaltekjur eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum sem og svæðum á landinu. Meðaltekjur eru mun hærrí á höfuðborgarsvæðinu í öllum atvinnugreinum. Staðreyndin er sú að það er sama til hvaða atvinnugreinar er litið, meðaltekjur á Vestfjörðum eru lægri í samanburði við landið í heild sinni, landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið. Minnstur er munurinn í iðnaði og fiskvinnslu en mestur þegar horft er til fiskveiða sem hefur þó verið aðalatvinnuvegur Vestfirðinga.

Meðaltekjur kvenna eru almennt mun lægri en karla hvort sem horft er á Vestfirði, landið í heild sinni, höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Árið 2002 voru konur með að meðaltali 60% af atvinnutekjum karla og er hlutfallið mun lægra þegar aðeins er horft á landsbyggðina eða 55% af tekjum karla. Konur á höfuðborgarsvæðinu eru með um 63% af meðal atvinnutekjum karla á því svæði.




Mynd 18. Meðaltekjur eftir atvinnugreinum og svæðum 2002.

Á Vestfjörðum eru konur að meðaltali með um 55% af atvinnutekjum karla sem er nánast það sama og á landsvísu en mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Horft til einstakra atvinnugreina er minnstur munur í landbúnaði en þá hafa konur á Vestfjörðum að meðaltali 91,4% af atvinnutekjum karla. Mestur er munurinn við fiskveiðar en þá hafa konur að meðaltali aðeins 37% af atvinnutekjum karla.



Mynd 19. Meðaltekjur karla eftir atvinnugreinum og svæðum 2002.



Mynd 20. Meðaltekjur kvenna eftir atvinnugreinum og svæðum 2002

3.3.5. Fyrirtæki

Í þessum kafla er fjallað um fyrirtæki á Vestfjörðum. Upplýsingar um fjölda fyrirtækja eða stofnana með starfsemi á Vestfjörðum var ekki hægt að fá en hins vegar fengust upplýsingar um fjölda launagreiðenda og upplýsingar um nýskráningar fyrirtækja.

Launagreiðendur eru ýmist einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir sem greiða laun ásamt þeim sem telja fram reiknað endurgjald. Flestir ríkisstarfsmenn fá laun frá Fjársýslu ríkisins sem flokkast sem einn launagreiðandi þó svo að stofnanirnar séu margar. Á árunum 1998-2002 fjölgaði launagreiðendum um rúm 3% á landsvísu en í raun fjölgaði launagreiðendum á höfuðborgarsvæðinu um 6% en 1% fækkun varð á landsbyggðinni. Rúm 58% allra launagreiðenda eru á höfuðborgarsvæðinu en fæstir launagreiðendur eru á Vestfjörðum, 735 eða aðeins 3% launagreiðenda. Flestir þeirra eru einyrkjar eða tæplega 65% launagreiðendanna og rúm 26% er með 2-9 starfsmenn.

Á árinu 2003 voru stofnuð 72 ný hluta- og einkahlutafélög á Vestfjörðum eða 3% nýrra fyrirtækja á landsvísu. Þetta þýðir að það voru stofnuð 9,2 fyrirtæki á hverja þúsund íbúa sem er það mesta á landinu. Langflest þessara fyrirtækja eru vegna smábátaútgerðar.

Tafla 9. Starfsmannafjöldi launagreiðenda.

	Vestfirðir	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Fjöldi launagreiðenda	735	12.378	8.860
1 starfsmaður	64,6%	64,0%	69,5%
2-9 starfsmenn	26,4%	26,4%	22,7%
10-19 starfsmenn	4,9%	4,7%	4,2%
20-49 starfsmenn	2,9%	3,1%	2,2%
50-99 starfsmenn	0,8%	0,9%	0,7%
100 eða fleiri starfsmenn	0,4%	0,9%	0,7%

Tafla 10. Starfsmannafjöldi eftir atvinnugreinum á Vestfjörðum

	Allar greinar	Landbúnaður	Fiskveiðar	Iðnaður	Fiskvinnsla	Þjónusta	Opinber stjórnsýsla
Alls:	735	184	135	125	36	253	2
1 starfsmaður	475	183	72	66	7	146	1
2-9 starfsmenn	194		54	46	7	86	1
10-19 starfsmenn	36	1	6	7	9	13	
20-49 starfsmenn	21		3	5	7	6	
50-99 starfsmenn	6			1	4	1	
100 eða fleiri starfsmenn	3				2	1	

Tafla 11. Nýskráningar hluta- og einkahlutafélaga eftir landssvæðum 2003

	Fjöldi:	Hlutfall	Á 1.000 íbúa
Alls	2.389	100	8,3
Höfuðborgarsvæði	1.645	68,9	9,1
Suðurnes	128	5,4	7,6
Vesturland	108	4,5	7,5
Vestfirðir	72	3,0	9,2
Norðurland vestra	48	2,0	5,2
Norðurland eystra	163	6,8	6,1
Austurland	86	3,6	7,3
Suðurland	139	5,8	6,5

Tafla 12. Nýskráningar hluta- og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum og landssvæðum 2003

	Alls:	Höfuðborgar svæðið	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Allar atvinnugreinar	2.389	1.645	128	108	72	48	163	86	139
20 atvinnugreinar*	1.305	901	63	63	51	22	86	53	66
Leiga atvinnuhúsnæðis	221	161	12	9	4	5	14	6	10
Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð	166	111	6	12	2	3	9	5	18
Rekstur eignahaldsfélaga	157	125	5	2	2	1	10	7	5
Smábátaútgærd	147	33	19	24	32	4	23	11	1
Matsölustaðir	80	47	3	4	3	3	6	5	9
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	78	71	3	1	0	1	0	1	1
Hugbúnaðargerð, ráðgjöf	61	52	3	0	1	1	1	0	3
Önnur heildverslun	45	39	1	0	0	0	3	0	2
Framleiðsla kvikmynda og myndbanda	36	35	0	0	1	0	0	0	0
Bílaútgærd og viðhald	34	24	2	2	1	0	1	0	4
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta	33	29	1	0	1	0	2	0	0
Fasteignamiðlun	33	21	0	2	0	0	3	3	4
Starfsemi listamanna	30	30	0	0	0	0	0	0	0
Raf- og boðlagir, starfsemi verktaka	29	22	1	0	1	0	0	3	2
Leiga íbúðarhúsnæðis	28	18	3	0	2	0	3	2	0
Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	28	16	2	2	0	1	4	1	2
Almenn málmsemiþjónusta og blikksmiði	26	17	0	0	1	2	1	3	2
Önnur auglýsingastarfsemi	25	24	0	1	0	0	0	0	0
Sérfræðiþjónusta lækna	24	19	1	1	0	0	2	0	1
Leiga á vinnuvélum með stjórnanda	24	7	1	3	0	1	4	6	2
Aðrar atvinnugreinar	1.084	744	65	45	21	26	77	33	73

* Þær 20 atvinnugreinar sem flestar skráningar voru í árið 2003

3.4. Samantekt

Vestfirðir eru strjálbýlt landsvæði með ellefu sveitarfélög. Samgöngur á Vestfjörðum fara aðallega fram í gegnum vegakerfið. Tenging milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða er fremur bágborin og erfið yfirferðar yfir vetrarmánuðina. Almenningsamgöngur er til staðar þar á milli né innan milli staða á sunnanverðum Vestfjörðum en hins vegar eru góðar almenningsamgöngur milli staða á norðanverðum Vestfjörðum.

Í dag búa um 3% þjóðarinnar á Vestfjörðum, þar af rúmlega helmingur í stærsta sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ. Mannfjöldaþróunin á Vestfjörðum hefur verið neikvæð um langt skeið. Helst eru það fjölskyldur með ung börn sem flytja búferlum frá Vestfjörðum en hlutfall yngra fólks hefur verulega minnkað, sérstaklega á aldrinum 25-39 ára og börn yngri en 14 ára. Í þeim miklu búferlaflutningum sem átt hafa sér stað hér á landi á síðustu áratugum hafa Vestfirðir orðið verst úti. Sérstaklega voru árin 1996-2000 slæm fyrir Vestfirði. Aðeins hefur dregið úr þessum fólksflotta og árið 2003 var flutningsjöfnuður í Hólmavíkurbreppi og Bæjarhreppi jákvæður en þó á sér enn stað mikill neikvæður flutningsjöfnuður í Vesturbyggð.

Á Vestfjörðum er mun hærra hlutfall einhleypra karlmannna en annars staðar á landinu, og sömuleiðis hlutfall einstæðra fedra. En aftur á móti er hlutfall einstæðra mæðra á Vestfjörðum mun lægra en í öðrum landshlutum.

Almennt er atvinnuþátttaka kvenna minni en atvinnuþátttaka karla og munar þar allavega 10%. Einnig er staðreyndin sú að atvinnuþátttaka þeirra sem minna eru menntaðir er lægri en þeirra sem hafa meiri menntun. Á Vestfjörðum hefur starfandi fólki fækkað mest en það helst í hendur við neikvæða mannfjöldaþróun þar. Mest fækkaði starfandi fólki í frumvinnslugreinum. Atvinnuleysi er þó minna á Vestfjörðum en víðast hvar annars staðar. Mest er atvinnuleysi á Vestfjörðum í október til janúar og greina má mun minni sveiflur í atvinnuleysi kvenna en karla. Aldur hefur áhrif á atvinnuleysi þannig að hærri aldur þýðir lengri tími á atvinnuleysisskrá.

Engar upplýsingar fengust um menntunarstig á Vestfjörðum en almennt er menntunarstig mun lægra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Einnig eru fleiri karlar með meiri menntun en grunnskólamenntun heldur en konur. Skiptir þarna verknámið verulega miklu máli.

Á Vestfjörðum eru meðaltekjur mun lægri en annarsstaðar. Mestu munar á launatekjum við fiskveiðar en minnstu í iðnaði og fiskvinnslu. Meðaltekjur kvenna á Vestfjörðum eru mjög lágar og aðeins um 55% af meðaltekjum karla þar.

Fyrirtæki á Vestfjörðum eru almennt mjög litlir vinnustaðir. Langflestir launagreiðendur þar eru einyrkjar eða 65% og rúmlega fjórðungur hefur starfsmannafjölda á bilinu 2-9. Á Vestfjörðum er stofnað mikið af nýjum fyrirtækjum, sérstaklega vegna smábátaútgerðar. Árið 2003 voru stofnuð 9,2 fyrirtæki á hverja þúsund íbúa þar, sem er það mesta á landinu.

4. Viðhorfskönnun meðal almennings


Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal Vestfirðinga. Rannsóknin náði til íbúa á öllum Vestfjörðum og var þýðið skilgreint sem fólk á aldrinum 18-70 ára sem búsett var á Vestfjörðum 1. febrúar 2004.

Meðal þess sem spurt var um var viðhorf fólks til frekari menntunar á Vestfjörðum og framtíðarbúsetu þess. Spurningarnar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum þar á meðal kynferði, aldri og búsetu. Niðurstöður eru settar fram á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í túlkun á gögnum varðandi tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

4.1. Framkvæmd og heimtur

Úr þýðinu var dregið 625 manna slembiúrtak úr þjóðskrá. Af þeim reyndust 80 vera fluttir eða af öðrum skýranlegum orsökum óaðgengilegir. Endanlegt úrtak varð því 545 manns og endurspeglaði það ágætlega aldurs-, kynja og búsetuskiptingu þýðisins. Könnunin var framkvæmd sem símakönnun og var hringt í einstaklingana daga na 19. febrúar – 4. mars.

Alls náðist samband við 518 manns sem er 95% af endanlegu úrtaki. Þar af féllust 380 manns á að svara spurningalistanum og telst svörun því vera 70% sem er ágætlega viðunandi í rannsókn sem þessari.



Mynd 21. Svarhlutfall í einstaklingskönnun.

Engin tengsl virðast vera milli svörunar og bakgrunnspátta. Þannig er hlutfall karla og kvenna hið sama í hópi þeirra sem svara og í hópi þeirra

sem neita að taka þátt eða ekki náðist í. Sama má segja um aldur og búsetu eftir sveitarfélögum og pósthúnum. Hlutfall þeirra sem neita þátttöku eða ekki náðist í er ekki óeðlilega hátt með hliðsjón af þeim bakgrunnspáttum sem til skoðunar eru.


4.2. Almennar upplýsingar

Í þessum kafla er að finna almennar upplýsingar um þátttakendur sem bæði voru skráðar fyrirfram og einnig sem spurt var að og varðar þeirra persónulegu hagi. Slíkar upplýsingar eru notaðar sem bakgrunnspættir til að meta hvort tengsl séu milli svara við spurningum varðandi viðhorf til háskólaseturs og þeirra þátta er greinir einstaklinga í sundur.


Þær upplýsingar sem skráðar voru fyrirfram eru: kynferði, fæðingarár, pósthúnum hjá viðkomandi og sveitarfélag sem viðkomandi er skráður með lögheimili í. Upplýsingar sem beðið var um voru m.a.: nám sem viðkomandi hafði lokið og hvort viðkomandi væri í starfi eða ekki. Ef viðkomandi var í starfi var spurt við hvað hann starfaði og hvert starfshlutfall hans væri en ef viðkomandi var ekki í starfi, var spurt hvers vegna ekki.

Kynferði þátttakenda er nokkuð jafnt. Aðeins fleiri konur sem svöruðu eru í yngsta aldurshópnum en karlar, en á móti eru fleiri karlar í næst yngsta aldurshópnum. Aldur og kynferði endurspeglar ágætlega úrtakið sem tekið var.

Sama er hægt að segja um búsetu þátttakenda eins og sjá má á mynd 23.




Mynd 22. Aldur og kyn þátttakenda í einstaklingskönnuninni.




Mynd 23. Búseta þátttakenda í einstaklingskönnuninni.

Hvað varðar nám einstaklinganna þá hafa flestir þeirra lokið grunnskólaprófi eða 40% þátttakenda. Næst þar á eftir kemur iðnnám (17%) og hluta af framhaldsnámi (16%). Þeir sem hafa lokið styttra framhaldsnámi hafa í flestum tilvikum meistara réttindi eða vélstjórnar- eða stýrimannaréttindi. Aðeins 10% hefur lokið fyrstu háskólagráðu og er þá algengast að hafa lokið prófi sem grunnskólakennari.

Langflestir þeirra sem hafa farið í háskólanám eru búsettir á Norðanverðum Vestfjörðum.



Mynd 24. Nám sem svarendur hafa lokið.



Mynd 25. Nám á háskólastigi sem svarendur hafa lokið.


Mun herra hlutfall kvenna en karla hefur aðeins lokið grunnskólaprófi eða 45,3% kvenna á móti 34,6% karla. Liggur munurinn aðallega í því að karlar hafa farið í iðnnám eða styttra framhaldsnám. Mun fleiri konur hafa þó farið í hluta af framhaldsnámi en ekki lokið því.

Sterk tengsl eru á milli aldurs og hvaða námi viðkomandi hefur lokið þannig að þeir sem yngri eru hafa í mun meira mæli farið í áframhaldandi skóla eftir grunnskólanám en þeir sem eldri eru.


Í langflestum tilvikum er viðkomandi á vinnumarkaði eða 81,1% þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Tengsl eru milli kynferðis og hvort viðkomandi sé í starfi eða ekki þannig að hlutfallslega færri konur (76%) eru í starfi en karlar (85%). Aldur hefur áhrif á atvinnuþátttöku viðkomandi þannig að nær helmingur fólks í yngsta aldurshópnum er ekki í starfi en atvinnuþátttaka eykst með aldrinum. Einnig eru tengsl á milli búsetu og hvort viðkomandi sé í starfi þannig að mun fleiri eru í starfi á Ströndum og á Reykhólasvæðinu en fólk á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum.

Flestir vinna við einhvers konar þjónustustörf eða tæp 42% þátttakenda og meira en helmingur þeirra við opinber þjónustustörf. Þar næst koma landbúnaðarstörf og fiskvinnsla. Sterk tengsl eru milli kynferðis og búsetu og starfs sem viðkomandi starfar við. Konur vinna flestar við opinber þjónustustörf (42,6%) og í verslun (10,3%) en karlar eru flestir á sjó (18,0%), í opinberum þjónustu störfum (16,1%) eða við landbúnað (14,9%). Hvað búsetu varðar þá starfar fólk á norðanverðum Vestfjörðum flest í

opinberri þjónustu (33,1%), þjónustustörfum (15,6%) og í fiskvinnslu (12,3%). Á sunnanverðum Vestfjörðum starfa einnig flestir í opinberri þjónustu (25,0%), við fiskveiðar (20,8%) og þjónustu (16,7%). Á Reykhólasvæðinu starfa flestir við landbúnað (38,0%) og opinbera þjónustu (22,0%). Á Ströndum starfa einnig flestir við landbúnað (28,9%) og opinbera þjónustu (20,0%) eins og fólk á Reykhólasvæðinu.



Mynd 26. Ert þú í starfi?



Mynd 27. Við hvað starfar þú?

Tafla 13. Starf greint eftir kyni


Starf:	Allir:	Karlar:	Konur:
Landbúnaður	36 (12,1%)	24 (14,9%)	12 (8,8%)
Fiskveiðar	30 (10,1%)	29 (18,0%)	1 (0,7%)
Fiskvinnsla	33 (11,1%)	21 (13,0%)	12 (8,8%)
Iðnaður	19 (6,4%)	18 (11,2%)	1 (0,7%)

Mannvirkjagerð	8 (2,7%)	8 (5,0%)	0 (0,0%)
Verslun	20 (6,7%)	6 (3,7%)	14 (10,3%)
Samgöngur	14 (4,7%)	12 (7,5%)	2 (1,5%)
Fjármála- og tryggingastarfsemi	14 (4,7%)	4 (2,5%)	10 (7,4%)
Þjónusta	39 (13,1%)	13 (8,1%)	26 (19,1%)
Opinber þjónusta	84 (28,3%)	26 (16,1%)	58 (42,6%)

Tafla 14. Starf greint eftir búsetu


Starf:	Norðan- verðir Vestfirðir	Sunnan- verðir Vestfirðir	Reykhóla- svæði	Strandir:
Landbúnaður	2 (1,3%)	2 (4,2%)	19 (38,0%)	13 (28,9%)
Fiskveiðar	15 (9,7%)	10 (20,8%)	6 (6,3%)	1 (2,1%)
Fiskvinnsla	19 (12,3%)	4 (8,3%)	5 (10,0%)	6 (13,3%)
Iðnaður	13 (8,4%)	3 (6,3%)	1 (2,0%)	1 (4,4%)
Mannvirkjagerð	6 (3,9%)	1 (2,1%)	1 (2,0%)	0 (0,0%)
Verslun	9 (5,8%)	3 (6,3%)	3 (6,0%)	5 (11,1%)
Samgöngur	6 (3,9%)	3 (6,3%)	2 (4,0%)	3 (6,7%)
Fjármála- og tryggingastarfsemi	9 (5,8%)	2 (4,2%)	1 (2,0%)	2 (4,4%)
Þjónusta	24 (15,6%)	8 (16,7%)	5 (10,0%)	3 (6,7%)
Opinber þjónusta	51 (33,1%)	12 (25,0%)	11 (22,0%)	9 (20,0%)

Í langflestum tilvikum er um að ræða að viðkomandi sé í 76%-100% starfi eða í 76,4% tilvika. Tengsl eru milli kynferðis og starfshlutfalls þannig að konur eru í mun meira mæli í hlutastarfi en karlar. Um 21% kvenna er í 50% starfi eða minna en aðeins 4% karla og nær 18% kvenna eru í 51-75% starfi en aðeins 4% karla.



Mynd 28. Starfshlutfall viðkomandi.

Eins og áður hefur komið fram þá eru tæp 19% þátttakenda ekki í starfi um þessar mundir. Flestir þeirra eru í skóla eða 48,7%, 18,4% eru atvinnulausir og 17,1% eru heimavinnandi. Þeir aðilar sem eru í skóla núna eru í flestum tilfellum í framhaldsskóla eða 65% nemendanna og 35% eru í háskólanámi.



Mynd 29. Ástæður þess að viðkomandi sé ekki í starfi.

4.3. Símenntun og fjarnám


Í þessum kafla er fjallað um símenntun og fjarnám. Spurt var tveggja meginspurninga er lúta af þessum þáttum. Annars vegar hvort viðkomandi hafi stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum og þá hvaða nám ef svarið var já. Spurt var *hvers vegna ekki?* ef svarið var nei. Hins vegar hvort hann hefði reynslu af fjarnámi og ef viðkomandi hafði reynslu af fjarnámi var spurt áfram hvernig honum líkaði við fjarnámið.

4.3.1. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum?


Tæplega helmingur svarenda hefur stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum eða 47,4%. Þar af eru 37 einstaklingar sem eru eingöngu í skóla. Fleiri konur hafa stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum eða 52% kvenna á móti 43% karla. Greina má tengsl milli aldurs og þess að hafa stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum þannig að yngsti aldurshópurinn hefur í mun meira mæli nýtt sér slíkt en aðrir aldurshópar. Einnig má greina tengsl milli búsetu og þess að hafa stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum þannig að fólk búsett á norðanverðum Vestfjörðum hefur í meira mæli sótt slíkt heldur en fólk búsett á öðrum svæðum á Vestfjörðum.

Menntun hefur áhrif á svör fólks varðandi þessa spurningu þannig að hærri menntun þýðir hærra hlutfall sem hefur stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum. Einnig hefur staða á vinnumarkaði áhrif á svör fólks varðandi þessa spurningu þannig að mun hærra hlutfall þeirra sem ekki eru í starfi hafa sótt nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum eða 65,3% á móti 43,2% þeirra sem eru í starfi. Ennfremur eru tengsl milli starfsgreina og


hvort fólk hafi stundað nám á síðastliðnum 2 árum þannig að meiri hluti fólks í iðnaði, þjónustu og verslun hefur gert slík en mun færri í öðrum starfsgreinum.




Mynd 30. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum?



Mynd 31. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum, greint eftir kyni og aldri.



Mynd 32. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum, greint eftir búsetu.




Mynd 33. Hefur þú stundað nám eða símenntun á síðast liðnum 2 árum, greint eftir starfsgrein.

Einnig var spurt hvaða nám eða símenntun viðkomandi hefur stundað á síðastliðnum 2 árum. Flestir hafa sótt símenntunarnámskeið eða 54% þeirra sem svara hvað þeir hafa sótt, 35% framhaldsskólanám og 12% háskólanám. Helst hefur fólk sótt námskeið tengt vinnu, tölvunámskeið og enskunámskeið. Sjá nánar töflu 15.

Flestir sem stunduðu framhaldsskólanám tilgreindu á hvaða braut þeir stunduðu nám. Af þeim sem tilgreindu nánar hvaða nám þeir stunduðu nefndu fjórir almennt framhaldsskólanám og fjórir nefndu Vélstjórnar- og stýrimannaskólann. Þrír nefndu bændaskóla og aðrir þrír sjúkraliðanám. Aðrar brautir voru nefndar aðeins einu sinni.

Það eru 17 manns sem sótt hafa háskólanám á síðustu 2 árum, þar af tilgreindu 4 þeirra fjarnám. Flestir fóru í viðskiptafræði eða 6 manns, 3 í kennaranám og 2 í stjórnun. Annað nám var aðeins nefnt einu sinni.



Mynd 34. Nám eða símenntun sem viðkomandi hefur sótt á síðastliðnum 2 árum.


Tafla 15. Yfirlit yfir símenntunarnámskeið.

Heiti námskeiðs:	Fjöldi:
Tengt atvinnu	28
Tölvunámskeið	21
Enskunámskeið	8
Bókhaldsnámskeið	5
Stjórnun	3
Brautargengisnámskeið	2
Fiskvinnslunámskeið	2
Búfjárrækt	2
Gæðastjórnun	2
Markaðssetning	2
Ljósmyndanámskeið	2
Plastsuða	2
Annað	14

Tafla 16. Yfirlit yfir nám á háskólastigi.

Nám á háskólastigi:	Fjöldi:
Viðskiptafræði	6
Grunnskólakennari	3
Stjórnun	2
Búfræðikandidat	1
Endurskoðun	1
Líftækni	1
Sagnfræði	1
Sérkennsla	1
Stærðfræði	1


Helsta ástæða þess að viðkomandi hefur ekki stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum er tímaskortur (34%) áhugaleysi (25%) eða að ekkert tækifæri hafi gefist (17%).




Mynd 35. Helstu ástæður þess að viðkomandi hafa ekki sótt nám eða símenntunarnámskeið á síðastliðnum 2 árum.

4.3.2. Hefur þú reynslu af fjarnámi?

Spurt var hvort viðkomandi hefði reynslu af fjarnámi. Fjórðungur þeirra sem tóku þátt í þessari könnun hefur reynslu af fjarnámi. Tengsl eru milli kynferðis og reynslu af fjarnámi þannig að konur hafa í meira mæli reynslu af fjarnámi en karlar. Einnig eru tengsl á milli náms viðkomandi og reynslu af fjarnámi þannig að mun fleiri einstaklingar sem hafa stúdentspróf og framhaldsnám á háskólastigi hafa reynslu af fjarnámi en þeir sem hafa aðra menntun. Ennfremur hefur starf viðkomandi áhrif á svör við þessari spurningu þannig að þeir einstaklingar sem starfa við fjármála- og tryggingastarfsemi og þjónustu, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum hafa mun meiri reynslu af fjarnámi en einstaklingar í öðrum störfum.




Mynd 36. Hefur þú reynslu af fjarnámi?




Mynd 37. Hefur þú reynslu af fjarnámi, greint eftir kynferði og aldri.

Flestum líkaði fjarnámið mjög vel eða í tæpum 63% tilvika. Aðeins 3% einstaklinga svara því til að þeim hafi líkað fjarnámið frekar illa og enginn mjög illa. Konur eru nokkuð jákvæðari en karlar varðandi fjarnámið því konur svara í meira mæli að þeim hafi líkað fjarnámið mjög vel. Sama er hægt að segja um aldur, hækkandi aldri fylgja þannig að jafnaði auknar líkur á góðri reynslu af fjarnáminu.



Mynd 38. Hvernig líkaði þér fjarnámið?



Mynd 39. Hvernig líkaði þér fjarnámið, greint eftir kynferði og aldri.


4.4. Viðhorf til háskólanáms

Í þessum kafla er fjallað um viðhorf einstaklinganna til háskólanáms. Til þess að meta viðhorf til háskólanáms var spurt þriggja spurninga, hvort viðkomandi myndi vilja eiga kost á því að stunda háskólanám og hvað hann langi helst til þess að læra.


4.4.1. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám?

Í langflestum tilvikum svara einstaklingar því til að þeir vilji eiga kost á því að stunda háskólanám eða rúm 74%. Lítil munur er á afstöðu kynjanna hvað þetta varðar en hins vegar hefur aldur mikil áhrif á svör við þessari spurningu þannig að hækkandi aldri fylgir að jafnaði minni áhugi á því að eiga kost á því að stunda háskólanám.


Einnig hefur búseta áhrif á svör fólks varðandi þessa spurningu þannig að íbúar á Reykhólasvæði og Ströndum hafa í minna mæli áhuga á því að eiga kost á því að stunda háskólanám en íbúar á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Tengsl eru líka milli náms og þess að eiga kost á því að stunda háskólanám þannig að meiri menntun þýðir meiri áhugi á því að eiga kost á háskólanámi. Þessi áhrif eru til staðar óháð aldri.




Mynd 40. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám?



Mynd 41. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám, greint eftir kynferði og aldri.




Mynd 42. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám, greint eftir búsetu.



Mynd 43. Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám, greint eftir námi.

Þegar spurt er um tilhögun þess náms sem fólk vill stunda kemur í ljós að flestir vilja annaðhvort stunda staðbundið nám í háskóla á Ísafirði (36%) eða fjarnám frá þeim stað sem viðkomandi er búsettur (35%). Verulega minni áhugi er á staðbundnu námi í þeim háskólum sem fyrir eru í landinu (14%) eða fjarnámi með aðstöðu og þjónustu fyrir nemendur á Ísafirði (12%). Nokkrir nefndu aðra möguleika (9 manns) og var þá helst um að ráða ákveðna sérskóla sem viðkomandi aðilar höfðu áhuga á að sækja, t.d. bændaskóla og íþróttakennaranám á Laugarvatni.



Mynd 44. Hvernig háskólanám myndir þú vilja eiga kost á því að stunda?


4.4.2. Myndir þú vilja fara í fullt nám eða hlutanám?

Spurt var hvort viðkomandi vildi fara í fullt nám, hlutanám með starfi eða á símenntunarnámskeið. Helmingur svarar því til að þeir vilji fara í hlutanám með starfi (50%), 28% hafa áhuga á fullu námi og 22% hafa áhuga á að sækja símenntunarnámskeið.


Kynferði hefur ekki áhrif á svör fólks varðandi það hversu mikið nám það vill fara í. Aldur hefur hins vegar mikil áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að áhugi á fullu námi er mun meiri hjá þeim sem eru á aldrinum 18-35 ára. Aldurshópurinn 36 ára og eldri hefur mun meiri áhuga á hlutanámi með starfi, síðan símenntunarnámskeiðum og síst hafa þeir áhuga á að fara í fullt nám.

Búseta hefur einnig áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Þannig hafa íbúar á Reykhólasvæðinu og Ströndum mun minni áhuga á að stunda fullt nám en hafa í meira mæli áhuga á símenntunarnámskeiðum. Einnig eru tengsl milli menntunar og þess hvernig nám viðkomandi vill stunda þannig að einstaklingar með stúdentspróf hafa meiri áhuga á fullu námi og fólk með framhaldsgráðu á háskólastigi meiri áhuga á hlutanámi með starfi.

Þátttaka á vinnumarkaði hefur veruleg áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að þeir sem ekki eru í starfi um þessar mundir hafa í mun meira mæli áhuga á að fara í fullt nám (52,2%) en þeir sem eru í vinnu (22,0%).



Mynd 45. Hvernig nám myndir þú vilja stunda?



Mynd 46. Hvernig nám myndir þú vilja stunda, greint eftir kynferði og aldri.

4.4.3. Hvað langar þig helst til þess að læra?

Spurt var hvað viðkomanda langaði helst til þess að læra og ef fólk svaraði fleiru en einu þá var það beðið um að forgangsraða í fyrsta, annan og þriðja valkost. Flestir settu viðskiptatengdar greinar í fyrsta sæti eða tæp 24% þátttakenda. Til viðskiptatengdra greina flokkaðist nám eins og t.d. viðskiptafræði, rekstrarfræði, stjórnun, markaðsmál og fjármál. Næst komu raungreinar og verkfræði hjá rúmum 20% þátttakenda. Til þeirra flokkaðist nám eins og t.d. öll verkfræði, tölvunarfræði, tæknifræði, stærðfræði, eðlisfræði, vélfærði og umhverfisfræði. Til heimsspekigreina flokkaðist nám eins og t.d. heimsspeki, sagnfræði og tungumál en 13,4% þátttakenda nefndu slíkt nám.

Í annað sætið settu flestir raungreinar og verkfræði eða 28,4% þátttakenda, 19,8% viðskiptagreinar og 18,5% heimsspekigreinar. Fáir skrifuðu eitthvað í þriðja sætið en helsti valkostur þar voru viðskipta- og heimsspekigreinar. Sjá nánar töflur hér á eftir og svör í viðauka.

Tafla 17. Námsleiðir sem settar voru í fyrsta sæti.

Námsleiðir:	Fjöldi:	Hlutfall af heild:
Viðskiptagreinar	75	23,6%
Raungreinar og verkfræði	62	20,3%
Heimsspekigreinar	41	13,4%
Iðngreinar	38	12,5%
Uppeldisgreinar	38	12,5%
Heilbrigðisgreinar	28	9,2%
Félagsvísindi	16	5,2%
Listgreinar	10	3,3%

Tafla 18. Námsleiðir sem settar voru í annað sæti:

Námsleiðir:	Fjöldi:	Hlutfall af heild:
Raungreinar og verkfræði	23	28,4%
Viðskiptagreinar	16	19,8%
Heimsspekigreinar	15	18,5%
Iðngreinar	9	11,1%
Félagsvísindi	9	11,1%
Heilbrigðisgreinar	3	3,7%
Listgreinar	3	3,7%
Uppeldisgreinar	3	3,7%

Tafla 19. Námsleiðir sem settar voru í þriðja sæti:

Námsleiðir:	Fjöldi:	Hlutfall af heild:
Viðskiptagreinar	3	23,1%
Heimsspekigreinar	3	23,1%
Raungreinar og verkfræði	2	15,4%
Uppeldisgreinar	2	15,4%
Listgreinar	2	15,4%
Heilbrigðisgreinar	1	7,6%

Tafla 20. Námsleiðir, samantekt.

Námsleiðir:	1 sæti	2. sæti	3. sæti	Samtals:
Viðskiptagreinar	75	16	3	94
Raungreinar og verkfræði	62	23	2	87
Heimsspekigreinar	41	15	3	59
Iðngreinar	38	9		47
Uppeldisgreinar	38	3	2	43
Heilbrigðisgreinar	28	3	1	32
Félagsvísindi	16	9		25
Listgreinar	10	3	2	15

4.5. Framtíðarbúseta


Í þessum kafla er fjallað um framtíðarbúsetu viðkomandi. Til þess að ná fram skoðunum fólks varðandi framtíðarbúsetu þess var spurt þriggja spurninga: hversu líklegt það sé að viðkomandi flytji á næstu tveimur til þremur árum frá því byggðarlagi sem hann býr í núna, hvort viðkomandi komi til með að flytja í framtíðinni vegna menntunar barna og hvort frekari menntun hafi áhrif á starf í heimabyggð.

4.5.1. Hversu líklegt er að þú munir flytja búferlum á næstu árum?


Spurt var hversu líklegt eða ólíklegt er að viðkomandi muni á næstu tveimur til þremur árum flytja frá því byggðarlagi sem viðkomandi býr í núna. Rúmlega 27% þátttakendanna í könnuninni telur mjög eða frekar líklegt að þeir komi til með að flytja á næstu tveimur til þremur árum frá því byggðarlagi sem þeir eru búsettir í nú.

Kynferði hefur ekki áhrif á svör fólks varðandi flutninga á næstu árum né búseta eða menntun. Aldur hefur hins vegar áhrif á svör fólk við þessari spurningu þannig að aldurshópurinn 18-25 telur í miklu meira mæli mjög eða frekar líklegt að þeir muni flytja úr byggðalaginu á næstu tveimur til þremur árum.

Staða á vinnumarkaði hefur einnig áhrif á hversu líklegt fólk telur að það muni flytja þannig að þeir sem ekki eru í starfi telja mun flekgra að þeir flytji (41%) en þeir sem eru í starfi um þessar mundir 24%).



Mynd 47. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir á næstu tveimur til þremur árum?




Mynd 48. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir á næstu tveimur til þremur árum, greint eftir kynferði og aldri.


Í flestum tilvikum stefnir hugur fólks til Reykjavíkur eða nágrennasveitarfélaga þar eða í 41% tilvika og 34% annarsstaðar utan höfðborgarsvæðisins. Aðeins 5% hefur hug á því að setjast að annarsstaðar á Vestfjörðum.

Helsta ástæða þess að fólk hyggur á flutning er skortur á atvinnutækifærum eða í 39% tilvika. Í 14% tilvika er um eigið nám eða maka að ræða og 12% svarar vegna flutnings fjölskyldu en þar voru margir sem tilgreindu að

börnin færu í nám og fjölskyldan flytti með. Ennfremur svara 12% því til að flutningur stafi af heilsufarsástæðum.



Mynd 49. Hvar er líklegast að þú myndir velja þér búsetu?



Mynd 50. Hver er helst ástæða þess að þú hyggur á flutning?


4.5.2. Hversu líklegt er að menntun barna hafi áhrif á flutning?

Einnig var spurt að því hversu líklegt eða ólíklegt viðkomandi teldi að hann muni í framtíðinni flytja burt úr byggðarlaginu vegna menntunar barna sinna. Flestir svara þessari spurningu á þann veg að þeir viti það ekki eða að spurningin eigi ekki við þá þar sem þeir eigi uppkomin börn eða jafnvel


engin börn. Af þeim sem svara þessari spurningu eru 30% sem telja slíkt mjög eða frekar líklegt en 70% mjög eða frekar ólíklegt.

Kynferði og búseta hefur ekki áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Aldur hefur hins vegar áhrif þannig að hærri aldur þýðir frekar ólíklegra að viðkomandi komi til með að flytja vegna menntunar barna. Nám hefur einnig áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að þeir sem hafa háskólagráðu telja í meira mæli að það sé frekar eða mjög ólíklegt að þeir komi til með að flytja vegna menntunar barna.


Einnig eru tengsl á milli starfs og líklegir flutningar vegna menntunar barna þannig að þeir sem starfa við samgöngur og verslun telja í mun meira mæli mjög eða frekar líklegt að þeir muni í framtíðinni flytja úr byggðarlaginu vegna menntunar barna en t.d. fólk sem starfar í fjármála- og tryggingargeiranum og iðnaði.



Mynd 51. Hversu líklegir eru flutningar í framtíðinni vegna menntunar barna þinna?



Mynd 52. Hversu líklegir eru flutningar í framtíðinni vegna menntunar barna greint eftir kyni og aldri.




Mynd 53. Hversu líklegir eru flutningar í framtíðinni vegna menntunar barna þinna greint eftir starfi.


4.5.3. Líkur á að fá starf við hæfi ef menntun er aukin?

Spurt var ef til þess kæmi að viðkomandi aflaði sér frekari menntunar, hvort hann teldi líklegt eða ólíklegt að hann fengi starf við hæfi í sinni heimabyggð. Innan við helmingur svarenda telur líklegt að þeir fái starf við hæfi í sinni heimabyggð ef til þess kæmi að þeir öfluðu sér frekari menntunar eða 45,7%.


Kynferði hefur áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að konur eru mun jákvæðari en karlar og telja í meira mæli líklegt að þær fái starf við hæfi í sinni heimabyggð. Búseta hefur einnig áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að fólk búsett á Norðanverðum Vestfjörðum er mun jákvæðara og telur í meira mæli að það fái starf við sitt hæfi ef menntun er aukin. Menntun viðkomandi og starf hefur einnig áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Þeir sem hafa stúdentspróf eða minni menntun eru mun svartsýnni á að fá starf við hæfi í heimabyggð við frekari menntun en þeir sem hafa meiri menntun. Hvað starf varðar þá er það helst fólk sem starfar við verslunarstörf og samgöngur sem er jákvætt og telur líklegt að það fái starf við hæfi í heimabyggð þó menntun sé aukin.




Mynd 54. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin?




Mynd 55. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir kynferði og aldri.



Mynd 56. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir búsetu.



Mynd 57. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir námi.



Mynd 58. Hversu líklegt er að þú fengir starf við hæfi í þínu byggðarlagi ef menntun er aukin, greint eftir starfi.

4.6. Samantekt

Svarhlutfall könnunarinnar er 70% sem er viðunandi í könnun sem þessari. Þeir aðilar sem tóku þátt í könnuninni endurspeglu kynferði, aldur og búsetu vel.

Rétt um 40% svarenda hefur lokið grunnskólaprófi.

Tæplega helmingur svarenda hefur stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum en hluti þeirra situr alfarið á skólabekk. Aðallega hefur verið um að ræða símenntunarnámskeið og þá aðallega námskeið sem tengd eru vinnu viðkomandi. Einnig eru tölvunámskeiðin mjög vinsæl. Um 12% hefur stundað háskólanám, flestir í viðskiptafræði. Þeir aðilar sem ekki hafa stundað nám eða símenntun bera því aðallega við að hafa ekki tíma eða áhuga á slíku.

Um fjórðungur hefur reynslu af fjarnámi og líkaði þeim í langflestum tilvikum námið mjög eða frekar vel.

Flestir vilja eiga kost á því að stunda háskólanám en aðallega er það elsti aldurshópurinn sem telur slíkt ekki jafn nauðsynlegt.

Flestir telja að staðbundið nám í háskóla á Ísafirði sé lausnin eða fjarnám frá þeim stað sem viðkomandi er búsettur í núna. Hafa ber í huga að meiri hluti þeirra sem svara þessari könnun eru búsettir á Ísafjarðarsvæðinu. Mestur áhugi er á hlutanámi með starfi. Símenntunarnámskeið eru mun vinsælli hjá þeim sem búsettir eru fjarri Ísafjarðarsvæðinu.

Mestur áhugi virðist vera á viðskiptagreinum, raungreinum og verkfræði en það er það nám sem oftast er nefnt hvort sem um er að ræða fyrsta, annan eða þriðja valkost.

Hvað varðar nám eða námstillhögun þá virðist fólk á norðanverðum Vestfjörðum svara þeim spurningum öðruvísi en fólk búsett á öðrum svæðum. Það eru t.d. hlutfallslega fleiri þar með háskólapróf og mun fleiri þaðan hafa stundað nám eða símenntun á síðastliðnum tveimur árum. Mun meiri áhugi er fyrir því að stunda staðbundið nám í háskóla og þá í fullu námi eða hlutanámi með vinnu.

Um 27% svarenda telur líklegt að þeir muni á næstu tveimur til þremur árum flytja frá því byggðarlagi sem þeir búa í núna og sérstaklega er það yngsti aldurshópurinn sem telur svo vera. Aðeins 5% telur líklegt að þeir

flytji innan svæðisins, þ.e. setjist að annarsstaðar á Vestfjörðum en þar sem þeir eru búsettir núna. Meginástæða þess að fólk hyggur á flutning er skortur á atvinnutækifærum. Innan við þriðjungur svarenda telur líklegt að þeir komi til með að flytja í framtíðinni vegna menntunar barna sinna og athyglivert er hversu stórt hlutfall yngsta aldurshópsins telur að sú verði raunin í framtíðinni.

Innan við helmingur svarenda telur að þeir fái starf við sitt hæfi í sinni heimabyggð ef til þess kæmi að þeir öfluðu sér frekari menntunar. Konur eru þó mun bjartsýnni varðandi þá hluti en karlar og eins má segja um þá sem búsettir eru á norðanverðum Vestfjörðum.

5. Könnun meðal fyrirtækja

Í þessum kafla er að finna niðurstöður úr vefkönnun sem gerð var meðal fyrirtækja á Vestfjörðum. Rannsóknin náði til þeirra fyrirtækja sem hafa aðgengilegt netfang, þ.e. annað hvort með heimasíður og/eða með netfang skráð í símaskrána.


Í könnuninni var meðal annars spurt um þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólks fyrirtækisins, hvaða leiðir henta best til þess að mæta þeirri þörf og möguleikum starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu. Ennfremur var spurt um hag fyrirtækisins af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar. Spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þar á meðal: starfsgrein fyrirtækis og staðsetningu, ársverkum og fjölda starfsmanna. Niðurstöður eru settar fram á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í túlkun á gögnum varðandi tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

5.1. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 2. – 17. mars og var um að ræða opna vefkönnun með Outcome vefkannakerfinu. Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að fyrirtæki á Vestfjörðum með aðgengilegt netfang fengu tölvupóst þar sem þau voru beðin um að taka þátt í þessari könnun með því að ýta á meðfylgjandi tengil. Tvisvar sinnum var send ítrekun með tölvupósti til þeirra sem ekki höfðu svarað.

Outcome vefkannakerfið safnar saman svörum fyrirtækjanna og tryggir að öll svör séu órekjanleg og að í öllu sé farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Gagnagrunnuinn má síðan flytja t.d. í excel eða SPSS til frekari úrvinnslu og var það gert í þessu tilviki.

Alls var sendur tölvupóstur á 227 fyrirtæki á Vestfjörðum. Strax kom í ljós að 32 netföng voru ekki virk eða að fyrirtækið hafði skipt um netfang. Endanlegur fjöldi fyrirtækja er því 195. Svar barst frá 102 fyrirtækjum sem þýðir að svarhlutfall er 53,2% sem telja má viðunandi í könnun sem þessari.




Mynd 59. Svarhlutfall í fyrirtækjakönnun.

5.2. Almennar upplýsingar


Í þessum kafla er að finna almennar upplýsingar um þau fyrirtæki sem tóku þátt í könnuninni og varða starfsemi fyrirtækisins, staðsetningu, fjölda starfsmanna og upplýsingar um ársverk. Þessar upplýsingar eru notaðar sem bakgrunnspættir til að meta hvort tengsl séu milli svara við spurningum sem settar voru fram og þessara þátta er greinir fyrirtækin í sundur.

Flest fyrirtækin sem svara spurningalistanum eru verslunar- eða þjónustufyrirtæki eins og sjá má á mynd 60. Mjög fá fyrirtæki eru í mörgum atvinnugreinum sem þýðir að ekki er hægt að nota þessa breytu sem bakgrunnspátt. Flest fyrirtækjanna eru staðsett í Ísafjarðarbæ eða 64% þeirra. Við nánari athugun kemur í ljós að það er mun hærra hlutfall en sent var til. Fyrirtæki á Ströndum voru ekki eins dugleg að svara könnuninni og er hlutfall þeirra mun lægra en sent var til. Á öðrum svæðum, sunnanverðum Vestfjörðum og á Reykhólasvæðinu helst hlutfall svara og hlutfall sem sent var til í hendur. Þetta þýðir einfaldlega það að fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum voru mjög dugleg að svara könnuninni en ekki fyrirtæki á Ströndum.


Starfmenn fyrirtækjanna sem svara könnuninni skila að meðaltali rúmum 14 ársverkum. Algengasta stærð fyrirtækja í könnuninni er 2-9 ársverk. Starfsmannafjöldinn er mun hærri, meðalstarfsmannafjöldi í fyrirtækjunum eru tæpir 20 starfsmenn en algengast er að það starfi 2-9 manns í hverju fyrirtæki. Hjá tæplega þriðjungi fyrirtækjanna er enginn starfsmaður með háskólagráðu. Annars er algengast að 2-3 starfsmenn innan fyrirtækisins hafi háskólagráðu.




Mynd 60. Starfsemi fyrirtækja.




Mynd 61. Staðsetning fyrirtækja sem svöruðu könnuninni.




Mynd 62. Staðsetning fyrirtækja.



Mynd 63. Fjöldi ársverka fyrirtækja.



Mynd 64. Starfsmannafjöldi fyrirtækjanna



Mynd 65. Fjöldi starfsmanna með háskólagráðu.

5.3. Aukin þekking og hæfni


Í þessum kafla er fjalla um þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólks og hvaða leiðir eru vænlegast til þess að mæta þessari þörf.

5.3.1. Á hvaða sviðum hefur fyrirtækið/stofnunin þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólksins?

Spurt var á hvaða sviðum fyrirtækið eða stofnunin hefði þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólksins. Gefnir voru upp sjö valmöguleikar; (1) tölvu og upplýsingatækni, (2) tungumál, (3) gæðamál/gæðastjórnun, (4) stjórnun, (5) fjármál, (6) almannatengsl og (7) þjónustu- og markaðsmál. Auk þess sem gefið var færi á því að skrifa eitthvað annað.

Skemmst er frá því að segja að langflestir töldu að það væri þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni í tölvu og upplýsingatækni en 76% svarenda könnunarinnar merktu við þennan valmöguleika. Einnig virðist töluverð þörf fyrir aukna þekkingu á sviði þjónustu- og markaðsmála en 61% svarenda voru á því máli. Um 13% svarenda skrifuðu fleiri möguleika og má þar t.d. nefna, verkfræði, lögfræði, verkefnastjórnun, heilbrigðismál, ferðamálafræði og iðnmenntun.

Engin tengsl voru milli þeirrar tegundar starfsemi sem fyrirtækið stundar, staðsetningar þess, fjölda starfsmanna og/eða fjölda ársverka og þess á hvaða sviðum fyrirtækið/stofnunin hefði þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólksins.



Mynd 66. Á hvaða sviðum hefur fyrirtækið/stofnunin þörf fyrir aukna þekkingu eða hæfni starfsfólks?


5.3.2. Hvaða leiðir henta best til að auka hæfni starfsfólks innan fyrirtækisins/stofnunarinnar?

Spurt var hversu vel eða illa starfsmenntunarnámskeið á vinnustað, nám á framhaldsskólastigi, háskólanám eða símenntunarnámskeið hentuðu til að auka hæfni starfsfólks innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Nær 94% svarenda telja að símenntunarnámskeið henti mjög vel eða frekar vel til að auka hæfni starfsfólks innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar og tæp 79% starfsmenntanámskeið á vinnustað. Rétt 65% svara því að aðrir möguleikar henti mjög vel eða frekar vel til að auka hæfni starfsfólksins en mjög fáíð skrifuðu hvað það væri. Þó voru nokkrir sem nefndu t.d. ráðstefnur, vinnufundi, fjarnám og kvöldskóla.

Starfsmannafjöldi fyrirtækja hefur áhrif á svör varðandi starfsmenntunarnámskeið á vinnustað þannig að stærri fyrirtæki telja í meira mæli að sú leið henti mjög eða frekar vel. Einnig hefur staðsetning

fyrirtækis áhrif á svör varðandi háskólanám þannig að fyrirtæki staðsett á norðanverðum Vestfjörðum telja í mun meira mæli að háskólanám henti mjög vel eða frekar vel til að auka hæfni starfsfólksins.



Mynd 67. Hvaða leiðir henta best til að auka hæfni starfsfólks innan fyrirtækisins/stofnunarinnar?


5.4. Viðhorf stjórnenda til aukinnar þekkingar og hæfni

Í þessum kafla er fjallað um viðhorf stjórnenda fyrirtækjanna til aukinnar þekkingar og hæfni starfsfólksins. Til þess að skoða það var spurt þriggja spurninga: hvernig möguleikar starfsmanna séu til að afla sér menntunar og fræðslu, hvort fyrirtækið myndi styðja starfsfólk til að stunda háskólanám með starfi og hvort að viðkomandi teldi að fyrirtækið eða stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háksóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar.

5.4.1. Hvernig myndir þú lýsa möguleikum starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu?

Spurt var hvernig viðkomandi myndi lýsa möguleikum starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu. Flestir eru á því að möguleikar starfsmanna séu takmarkaðir eða helmingur þeirra sem svara könnuninni. Aðeins tæplega fjórðungur telur möguleika starfsmanna til að afla sér menntunar eða fræðslu vera mjög góða eða góða og 16% til viðbótar að þeir séu í lagi. Engin tengsl voru milli þeirrar tegundar starfsemi sem fyrirtækið stundar, staðsetningar þess, fjölda starfsmanna og/eða fjölda ársverka og þeirra


möguleika sem svarendur töldu að starfsmennirnir hefðu til að afla sér menntunar og fræðslu.




Mynd 68. Möguleikar starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu.

5.4.2. Myndi fyrirtækið/stofnunin styðja starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi?

Spurt var hvort fyrirtækið eða stofnunin myndi styðja starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi. Langflestir eru á því að þeirra fyrirtæki eða stofnun myndi styðja slíkt eða tæplega 85%. Langflestir telja að vænlegasta leiðin til þess sé sveigjanlegur vinnutími.



Mynd 69. Myndi fyrirtækið/stofnunin styðja starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi?




Mynd 70. Hvernig myndi fyrirtækið/stofnunin styðja við starfsmenn til að stunda háskólanám með starfi?


5.4.3. Telur þú að fyrirtækið/stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar?

Spurt var hvort viðkomandi teldi að stofnunin eða fyrirtækið gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar. Flestir eru á þeirri skoðun að það sé hagur af slíku samstarfi. 37% telja það öruggt og 39% ef til vill og aðeins eitt fyrirtæki telur að svo sé örugglega ekki.

Fjöldi háskólamenntaðra starfsmanna fyrirtækisins tengist því á hvern hátt þessari spurningu er svarað, því fleiri starfsmenn með háskólamenntun þeim mun fleiri svara þessari spurningu játandi. Einnig hefur staðsetning fyrirtækisins áhrif á svör við þessari spurningu þannig að fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum eru í meira mæli viss um að fyrirtækið eða stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar.



Mynd 71. Telur þú að fyrirtækið/stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar?



Mynd 72. Telur þú að fyrirtækið/stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar, greint eftir staðsetningu fyrirtækis.

Þeir aðilar sem töldu að fyrirtækið eða stofnunin gæti á einhvern hátt haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna- og þróunar voru spurðir á hvaða hátt það gæti verið.

Flestir nefndu einhvers konar þróunarstarf og þá sérstaklega varðandi vöruþróun. Einnig voru nokkrir sem nefndu ýmsar rannsóknir t.d. á mörkuðum, kortlagningu á starfi og úttektir á ýmiskonar starfsemi. Markaðsmál komu fyrir hjá nokkuð mörgum og greinilegt er að svarendum könnunarinnar finnst vanta þekkingu á slíkum málum á Vestfjörðum og að það þurfi að bæta úr því.

Svörin voru flokkuð saman í nokkur lykilorð í töflu 21 en svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.

Tafla 21. Hagur af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir

	Fjöldi:
Þróunarstarf	23
Rannsóknavinna	14
Markaðsstarf	11
Styrkir starfsemi	8
Aðgengi að sérfræðingum	7
Nýsköpun í atvinnulífi	7
Gæðamál	5
Verkefnavinna	4
Símenntun	2
Aðgengi að námi heima fyrir	1
Hagræðing í vinnslu	1
Með fjarkennslu	1
Stefnumörkun	1

Þeir aðilar sem telja að fyrirtækið eða stofnunin geti ekki haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á svið rannsókn- og þróunar voru spurðir hvers vegna ekki.

Aðeins sjö aðilar svöruðu þessari spurningu og það helsta sem fram kom í svörum þeirra var að starfsemin sé þess eðlis að það kalli ekki á slíkt samstarf og einnig að áhugi sé ekki fyrir hendi. Sjá nánar svör í viðauka.

5.5. Samantekt

Svarhlutfall í fyrirtækjakönnuninni er rúm 53% sem telst vera viðunnandi í könnun sem þessari. Mest var þátttaka meðal verslunar- og þjónustufyrirtækja og fyrirtækja á Ísafjarðarsvæðinu. Hjá tæplega þriðjungi fyrirtækjanna voru háskólmenntaðir starfsmenn.

Aukin þekking og hæfni á sviði tölvu- og upplýsingatækni er það sem starfsmönnum fyrirtækja á Vestfjörum vantar helst en einnig er töluverð þörf fyrir aukna þekkingu á sviði þjónustu- og markaðsmála. Stjórnendur fyrirtækjanna telja að símenntunarnámskeið og starfsmenntanámskeið sé hentugasta leiðin til þess að auka þekkingu starfsfólksins. Helst eru það stjórnendur fyrirtækja á Ísafjarðarsvæðinu sem telja að háskóli henti mjög eða frekar vel.

Flestir stjórnendur eru á því að möguleikar starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu séu frekar takmarkaðir. Fram kom mikill og jákvæður vilji meðal stjórnenda fyrirtækjanna til að styðja við bakið á þeim starfsmönnum sem hafa áhuga á að stunda háskólanám með starfi. Vænlegasta leiðin til þess sé með sveigjanlegum vinnutíma.

Samstarf við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsóknna- og þróunar er eitthvað sem flestum stjórnendum hugnast, sérstaklega þeim sem hafa háskólamenntað starfsfólk. Ýmiskonar þróunarstarf var þar aðallega nefnt, sérstaklega vöruþróun.

6. Háskólanámssetur – nokkrar hugleiðingar

Trúin á hagnýti menntunar er sennilega jafn gömul siðmenningunni. Með þjóðfélagsbreytingum á 18. og 19. öld óx þeirri skoðun smám saman fylgi að formleg menntun í skóla væri nauðsynlegur undirbúningur til lífs og starfs. Trúna á nytsemi menntunar má meðal annars sjá af því hve margar þjóðir hafa tekið upp almenna skólaskyldu.

Um miðja 20. öld tóku hagfræðingar að tengja saman menntun og hagsæld með svokölluðum mannauðskeningum (human capital theory) (sbr. Schultz 1961:3). Vel menntaður einstaklingur á samkvæmt þessum hugmyndum auðveldara með að nýta uppfinningar og tileinka sér nýjar vinnuaðferðir og skipulag en sá sem er minna menntaður. Samkvæmt hugmyndinni auðveldar menntun og flýtir fyrir upptöku nýrra framleiðsluhátta sem leiðir til þess að framleiðni eykst sem svo leiðir til hagvaxtar. Þetta er um leið sterk röksemd fyrir þátttöku ríkisvaldsins í kostnaði við menntun einstaklinga því eigi hugmyndin við rök að styðjast fær samfélagið útlagðan kostnað til baka í formi aukins hagvaxtar. Á síðustu áratugum 20. aldar fóru fræðimenn svo að velta upp hugmyndum um að nútíma samfélagi væri meðal annars best lýst með því að það væri upplýsingasamfélag. Með upplýsingasamfélagi er þá átt við að framleiðni og samkeppnishæfni hinna ýmsu eininga samfélagsins (hvort sem það eru fyrirtæki, svæði eða heilar þjóðir) sé algerlega háð getu þeirra til að skapa, meðhöndla og nýta með markvissum hætti upplýsingar sem fengnar eru með vísindalegum aðferðum (Castells, 2000:77). Ekki svo að skilja að þekking hefur alla tíð verið mikilvægur grundvöllur hagvaxtar, sbr. mannauðskeninguna. Það sem hefur hins vegar gerst á allra síðustu áratugum og er einkenni upplýsingasamfélagsins er að það er þekkingin sem slík sem verður afurð framleiðsluferlisins (Castells, 2000:78).

Sé kenningin um þekkingu sem grundvöllur hagvaxtar og um eðli nútíma samfélags sem upplýsingasamfélags rétt felur það í sér ríka kröfu til samfélagsins um að stuðla að menntun þeirra einstaklinga sem það byggja, ekki einungis þeirra vegna heldur einnig í þágu samfélagsins. Það hvernig samfélaginu tekst að byggja upp innviði upplýsingasamfélagsins verður samkvæmt þessu lykillinn að framtíðarmöguleikum þess.

Búsetuþróun á Íslandi hefur alla 20. öld verið með þeim hætti að fólk hefur flutt sig um set úr sveit og smærra þéttbýli til stærra þéttbýliskjarna en einkum þó höfuðborgarsvæðisins sem hefur tekið við nærri allri íbúafjölgun

á Íslandi síðustu hundrað ár. Þrátt fyrir margháttaða viðleitni stjórnvalda og aðgerðir í byggðamálum hefur þessari þróun ekki verið snúið við. Ýmsar kenningar eru uppi um orsakir slíkra búferlaflutninga en meðal þess sem oft er nefnt er að brottflutningur fólks af tilteknu svæði orsakist af því að möguleikar fólks til að lifa eftirsóknarverðu lífi séu á einhvern hátt takmarkaðir (sjá t.d. Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun, 2003; Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2003; Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Stefán Ólafsson, 1997, Hjalti Jóhannesson, 1990; Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson, 1989; Sigurður Guðmundsson, 1973). Meðal þess sem gjarnan er nefnt í því sambandi eru menntunarmöguleikar en með hliðsjón af mannauðskeningum má auðvitað segja að landssvæði þar sem menntunarmöguleikar eru takmarkaðir séu föst í vítahring þar sem fólksfækkun og framboð á menntun vinnur hvað með öðru í að takmarka þá möguleika sem samfélagið hefur til framþróunar.

Mannfjöldapróun á Vestfjörðum hefur líkt og á flestum öðrum svæðum utan Höfuðborgarsvæðisins einkennst af nánast stöðugum brottflutningi fólks. Um aldamótin 1900 bjuggu þannig um 16% þjóðarinnar á því svæði sem í daglegu tali er nefnt Vestfirðir en árið 2003 var þetta hlutfall komið niður fyrir 3%. Sé litið til ársins 2003 fluttu 130 fleiri frá Vestfjörðum en til svæðisins. Flutningsójöfnuður landsbyggðarinnar þetta sama ár var 506 einstaklingar sem þýðir að Vestfirðir báru um fjórðung af heildar mannfjöldatapi landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Þessi mynd hefur í stórum dráttum verið hin sama undanfarin ár.

Þrátt fyrir heildarfjölgun starfandi fólks á landinu í heild um 7% á árunum 1998 – 2003, fækkaði starfandi fólki á Vestfjörðum um 7% á sama tíma. Þessi þróun er eðlileg í ljósi fólksfækkunar á svæðinu. Þróun á vinnumarkaði undanfarin ár (og raunar áratugi) hefur verið sú að fólki hefur fækkað í frumvinnslugreinum en fjölgað í þjónustugreinum, einkum í fasteigna- og viðskiptaþjónustu og í fræðslustarfsemi. Vinnuaflið hefur þannig færst milli atvinnugreina. Í þessu kristallast að hluta til sá vandi sem samfélag á Vestfjörðum á við að glíma, það er að segja að þessari tilfærslu milli atvinnugreina fylgir líka tilfærsla fólks milli svæða.

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að þegar fólksfækkun á sér stað verður hún sjaldnast jöfn í öllum hópum samfélagsins. Almennt má segja um þetta að ungt fólk er að jafnaði líklegra til að flytja burt en þeir sem eldri eru og að konur flytja frekar burt en karlar (sjá t.d. Stefán Ólafsson, 1997). Þetta er greinilegt þegar litið er á aldurs- og kynjasamsetningu íbúafjöldans á

Vestfjörðum en í samanburði við landið í heild má sjá að hlutfallslega vantar fólk á aldrinum 25-39 ára og ívíð meira af konum en körlum. Raunar er aldurs- og kynjasamsetning mannfjöldans á Vestfjörðum keimlík því sem er á Austurlandi (Sjá Grétar Þór Eypórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson, 2001:34). Það sem er alvarlegt við þær afleiðingar sem mannfjöldapróunin hefur haft á aldurs og kynjasamsetningu á Vestfjörðum er sú fækkun sem orðin er í þeim hópnum sem er á því sem kalla mætti barneignaldri og sem getur á næstu árum leitt af sér fækkun í yngri árgöngum á svæðinu. Þannig má benda á að yngsti aldurshópurinn, 0-4 ára, er hlutfallslega lítiðeitt fámennari á Vestfjörðum en á landinu í heild meðan sögulega séð hefur því lengst af verið öfugt farið. Svæðið hefur þannig haft n.k. „varasjóð“ sem mun sennilega ekki verða til að dreifa í framtíðinni. Eigi að viðhalda mannfjölda á Vestfjörðum þarf því í framtíðinni að stækka til muna þann hóp fólks sem getur fundið lífi sínu farveg á svæðinu.

Varðandi mögulega framtíðarþróun byggðar á Vestfjörðum hefur vaknað umræða um aukið framboð menntunar á háskólastigi á svæðinu. Hér á eftir er leitast við að draga saman þá þætti í rannsókninni sem varpað geta ljósi á ýmsar grundvallar spurningar um aukið framboð menntunar á háskólastigi á Vestfjörðum. Í því sambandi má fyrst spyrja hvort þörf sé á auknu framboði? Ein leið til að svara því er að athuga hlutfallslegan fjölda íbúa á Vestfjörðum sem lokið hafa háskólanámi í samanburði við önnur landssvæði. Slíkan samanburð er ekki hægt að gera á þýðisgrundvelli³ og því þarf að notast við úrtaksrannsóknir í þessu skyni. Í rannsókn sem RHA framkvæmdi á árinu 2002 meðal almennings á aldrinum 18-80 ára⁴, var meðal annars spurt um menntun. Um 26% aðspurðra sögðust hafa lokið háskólamenntun og var hlutfallið hæst í Reykjavík, eða 30% en lægst á Suðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi, eða á bilinu 12-14%⁵. Hlutfall háskólamenntaðra á Vestfjörðum er þannig undir landsmeðaltali en sambærilegt því sem gengur og gerist á öðrum svæðum sem liggja fjarri þéttbýlissvæðunum á Suð-Vesturhorninu og í Eyjafirði. Þó hlutfall háskólamenntaðra virðist ekki áberandi lakara á Vestfjörðum en ýmsum öðrum svæðum á landinu er samt ekki þar með sagt að ástæðulaust sé að

³ Upplýsingar um þá menntun sem hver einstaklingur hefur lokið eru hvorki skráðar í þjóðskrá né aðra miðlæga gagnagrunna.

⁴ Um nánari lýsingu á framkvæmd og heimtum, sjá: Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2002:4

⁵ Tölur fengnar úr óbirtum rannsóknargögnum RHA

huga að frekari uppbyggingu háskólamenntunar á svæðinu með það fyrir augum til dæmis að hafa áhrif á efnahagsgerð samfélagsins og bæta á þann hátt búsetuskilyrði á svæðinu.

Önnur mikilvæg spurning lítur að staðsetningu háskóla á Vestfjörðum. Í daglegu tali eru Vestfirðir svæði sem nær yfir Barðastrandasýslur, Íslafjarðarsýslur og Strandasýslu. Vestfirðir afmarkast með nokkuð skýrum hætti frá öðrum landshlutum og mynda því í hugum margra eina heild. Samgöngur á svæðinu gera þó að verkum að ekki er rétt að líta á Vestfirði sem eina samfélagslega heild. Í því sambandi má benda á að ýmsir náttúrulegir þröskuldar skipta Vestfjörðum í allt að sjö afmörkuð samgöngusvæði (sjá Vegagerðin, 1999). Samgöngur innan Vestfjarða eru nær einskorðaðar við vegakerfið. Við afmörkun samfélagsheilda þarf því að horfa til þeirra möguleika sem vegakerfið býður uppá og má þar meðal annars miða við skilgreiningar á atvinnusvæðum.

Það landsvæði þar sem íbúar geta daglega sótt atvinnu til tiltekins vinnustaðar telst eitt atvinnusvæði. Atvinnusvæði er ekki bundið við tiltekna þéttbýlisstaði heldur viðkomandi vinnustaði. Hægt er því að tala um atvinnusvæði út frá tilteknu fyrirtæki (Byggðastofnun, 1994:55). Um margt má leggja að jöfnu það að stunda hefðbundið staðarnám í framhalds- eða háskóla og það að stunda vinnu og því má í því samhengi sem hér um ræðir ef til vill tala um atvinnu- og skólasvæði. Samgöngur skipta mestu máli varðandi stærð atvinnu- og skólasvæða, má þar nefna gæði þeirra vega sem ekið er um, umferðaröryggi, veður, færð og ferðakostnað einstaklinga. Þannig má ekki eingöngu einblína á vegalengdir heldur verður einnig að hafa í huga „gæði“ þeirrar vegtengingar sem er á milli heimilis og vinnustaðar eða skóla.

Oft hefur verið við það miðað að stærð atvinnu- og skólasvæða héraendis afmarkist af þeirri vegalengd sem hægt er að aka á um 30 mínútum milli heimilis og vinnustaðar eða skóla. Velta má upp þeirri spurningu hvort atvinnu- og skólasvæði séu að verða stærri á Íslandi en sem nemur 30 mínútna akstri. Í rannsókn sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) framkvæmdi á samgöngum og ferðavenjum Íslendinga (sjá Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2003:42), kom í ljós að um tíundi hluti

Þess fólks á aldrinum 18-80 ára sem ekur milli heimilis og skóla eða vinnustaðar ver meira en 30 mínútum í ferðir aðra leið. Ekki er sérstaklega greint frá svörum fólks sem búsett er á Vestfjörðum hins vegar má sjá að í hópi þess fólks sem býr á svæðum utan Höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar er hlutfall þeirra sem verja meira en 30 mínútum í ferðir til skóla eða vinnu síst hærra en á þessum helstu þéttbýlissvæðum landsins.

Þetta má hafa í huga varðandi upptökusvæði háskólanámsseturs á Vestfjörðum. Þannig má gera ráð fyrir að um 90% af nemendum í reglubundnu staðarnámi verði staðsettir innan 30 mínútna aksturstíma frá skólanum. Þar með er þó ekki sagt að skólinn höfði eingöngu eða nái til þess hóps sem búsettur er í næsta nágrenni, heldur aðeins að sennilega muni allt að 90% þeirra nemenda sem kjósa að vera í staðbundnu námi annað hvort vera staðsettir eða kjósa að staðsetja sig í nágrenni við skólann á námstímanum. Sá hluti þessa nemendahóps sem ekki væri í allra næsta nágrenni skólans myndi fara akandi milli heimilis og skóla. Ef miðað er við að ekki sé ekið umfram löglegan hámarkshraða (þ.e. um það bil 80 – 85 km meðalhraði) gæti það samsvarað um 40 – 42 km radíus við bestu skilyrði út frá viðkomandi skóla. Hér ber þó að hafa í huga að erfiðara er að ná þessum meðalhraða á styttri veglengdum. Einnig er lægri hámarkshraði í jarðgöngum sem lækkar meðalhraðann ef göng eru á stórum hluta þeirrar leiðar sem ekin er til vinnu. Sé miðað við háskólanámssetur á Ísafirði eru um 70% íbúa á Vestfjörðum innan daglegrar akstursfjarlægðar frá slíkum skóla eða um 5.300 einstaklingar, sé miðað við árið 2003. Til samanburðar voru þá um 20.200 einstaklingar innan daglegrar akstursfjarlægðar frá Háskólanum á Akureyri.

Þegar litið hefur verið á hið samfélagslega landslag ef svo má segja, á Vestfjörðum hvað varðar háskólamenntun standa eftir tvær megin spurningar til viðbótar. Í fyrsta lagi hvort fólk á svæðinu hafi hug á að stunda háskólanám og í öðru lagi hvort fyrirtæki og stofnanir á svæðinu telji sig hafa þörf fyrir aukinn fjölda háskólamenntaðra starfsmanna.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að tæplega helmingur svarenda hefur stundað nám eða símenntun á síðastliðnum 2 árum en hluti þeirra situr alfarið á skólabekk. Aðallega hefur verið um að ræða símenntunarnámskeið og þá

aðallega námskeið sem tengd eru vinnu viðkomandi. Einnig eru tölvunámskeiðin mjög vinsæl. Um 12% hefur stundað háskólanám, flestir í viðskiptafræði. Þeir aðilar sem ekki hafa stundað nám eða símenntun bera því aðallega við að hafa ekki tíma eða áhuga á slíku.

Um fjórðungur hefur reynslu af fjarnámi og líkaði þeim í langflestum tilvika námið mjög eða frekar vel.

Flestir vilja eiga kost á því að stunda háskólanám en aðallega er það elsti aldurshópurinn sem telur slíkt ekki jafn nauðsynlegt.

Flestir telja að staðbundið nám í háskóla á Ísafirði sé lausnin eða fjarnám frá þeim stað sem viðkomandi er búsettur í nú. Hafa ber í huga að meiri hluti þeirra sem svara þessari könnur eru búsettir á Ísafjarðarsvæðinu. Mestur áhugi er á hlutanámi með starfi. Símenntunanámskeið eru mun vinsælli hjá þeim sem búsettir eru fjarri Ísafjarðarsvæðinu.

Mestur áhugi virðist vera á viðskiptagreinum, raungreinum og verkfræði en það er það nám sem oftast er nefnt hvort sem um er að ræða fyrsta, annan eða þriðja valkost.

Hvað varðar nám eða námstilhögun þá virðist fólk á norðanverðum Vestfjörðum svara þeim spurningum öðruvísi en fólk búsett á öðrum svæðum. Það eru t.d. hlutfallslega fleiri þar með háskólapróf og mun fleiri þaðan hafa stundað nám eða símenntun á síðastliðnum tveimur árum. Mun meiri áhugi er að stunda staðbundið nám í háskóla og þá í fullu námi eða hlutanámi með vinnu.

Um 27% svarenda telur líklegt að þeir muni á næstu tveimur til þremur árum flytja frá því byggðarlagi sem þeir búa í núna og sérstaklega er það yngsti aldurshópurinn sem telur svo vera. Aðeins 5% telur líklegt að þeir flytji innan svæðisins, þ.e. setjist að annarsstaðar á Vestfjörðum. Meginástæða þess að fólk hyggur á flutning er skortur á atvinnutækifærum. Innan við þriðjungur svarenda telur líklegt að þeir komi til með að flytja í framtíðinni vegna menntunar barna sinna og athyglivert er hversu stórt hlutfall yngsta aldurshópsins telur að sú verði raunin í framtíðinni.

Innan við helmingur svarenda telur að þeir fái starf við sitt hæfi í sinni heimabyggð ef til þess kæmi að þeir öfluðu sér frekari menntunar. Konur

eru þó mun bjartsýnni varðandi þá hluti en karlar og það sama má segja um þá sem búsettir eru á norðanverðum Vestfjörðum.

Hvað varðar þörf fyrirtækja og stofnana á svæðinu eru svör á þann veg að aukin þekking og hæfni á sviði tölvu- og upplýsingatækni er það sem starfmönnum fyrirtækja á Vestfjörum vantar helst en einnig er töluverð þörf fyrir aukna þekkingu á sviði þjónustu- og markaðsmála. Stjórnendur fyrirtækjanna telja að símenntunarnámskeiða og starfsmenntanámskeið sé hentugasta leiðin til þess að auka þekkingu starfsfólksins. Helst eru það stjórnendur fyrirtækja á Ísafjarðarsvæðinu sem telja að háskóli henti mjög eða frekar vel.

Flestir stjórnendur eru á því að möguleikar starfsmanna til að afla sér menntunar og fræðslu séu frekar takmarkaðir. Fram kom mikill og jákvæður vilji meðal stjórnenda fyrirtækjanna til að styðja við bakið á þeim starfsmönnum sem hafa áhuga á að stunda háskólanám með starfi. Vænlegasta leiðin til þess er með sveigjanlegum vinnutíma.

Samstarf við háskóla- og rannsóknastofnanir á sviði rannsókn- og þróunar er eitthvað sem flestum stjórnendum hugnast, sérstaklega þeim sem hafa háskólamenntað starfsfólk. Ýmisskonar þróunarstarf var þar aðallega nefnt, sérstaklega vöruþróun.

6.1. Lokaorð

Þessari skýrslu er ætlað að varpa ljósi á forsendur þess og þörf á að setja á stofn Háskólanámssetur á Ísafirði. Á Vestfjörðum eru möguleikar almennings til háskólanáms í heimabyggð mjög takmarkaðir. Þó er þar boðið upp á fjarnám, t.d. frá Háskólanum á Akureyri en um 35 nemendur stunda nú fjarnám í hjúkrunarfræði, kennslufræðum, sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði frá HA. Námið er í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fer fram á Ísafirði og Patreksfirði.

Skýra má hluta af þeim mikla fólksflóttu sem átt hefur sér stað á Vestfjörðum með skorti á menntunartækifærum. Almennt er algengast að fólk flytji á aldrinum 20-29 ára (einstaklingar og fjölskyldur með ung börn) en stór hluti þeirra flytur búferlum til að sækja sér frekari menntun. Þetta á ekki síður við um Vestfirði en aðra landshluta eins og kemur vel fram í kaflanum um

mannfjöldaþróunina. Þar má sjá að á Vestfjörðum vantar helst fólk á aldrinum 25-39 ára og börn, sérstaklega 4 ára og yngri og konur í meiri mæli en karla. Einnig kom í ljós við úthringingu á einstaklingskönnuninni að erfitt reyndist að ná í yngsta aldurshópinn eða einstaklinga 18-25 ára. Helsta ástæða þess var að þeir voru við nám annarsstaðar á landinu en jafnframt ennþá með skráð lögheimili á Vestfjörðum. Í könnuninni kom jafnframt í ljós mikill áhugi fyrir háskólanámi sérstaklega hjá yngra fólkinu. Það hefur mikinn áhuga á að stunda fullt nám á háskólastigi, telur í meira mæli að það komi til með að flytjast búferlum á næstu tveimur til þremur árum og er svartsýnt á atvinnutækifæri á Vestfjörðum. Einnig kom fram að yngra fólkid hefur verulegar áhyggjur af menntun barna sinna í framtíðinni. Þetta gefur okkur ákveðnar vísbendingar um að yngra fólkid á Vestfjörðum sé óánægt með sín lífs- og búsetuskilyrði og væntanlega munum við sjá enn stærri göt í mannfjöldatré þessa hóps verði ekkert gert til þess að sporna við fótum.

7. Viðauki

7.1. Hvað langar þig helst til að læra ?:

Númer eitt:

Viðskiptafræði	33
Grunnskólakennara	18
Tungumál	18
Hjúkrunarfræði	17
Tölvufræði	13
Leikskólakennara	11
Rekstrarfræði	10
íslenska	9
Búvísindi	6
Byggingatæknifræði	6
Félagsfræði	6
Stjórnun	6
Heimspeki	5
Rafmagns og tölvuverkfræði	5
Sagnfræði	5
Verkfræði	5
Vélfræðingur	5
Bókhald	4
Enska	4
Fornleifafræði	4
Listnám	4
Náttúrufræði	4
Bifvélavirkjun	3
Dýralækningar	3
Ferðamálafræði	3
Fjármála og rekstrarsvið	3
Hárgreiðsla	3
Iðnaðarnám	3
Kennsluréttindi	3
Lögfræði	3
Matvælasvið	3
Sálfræði	3
Sjávarútvegsfræði	3
Sjúkraliðanám	3
Skrifstofustarf	3
Stjórn málafræði	3
Arkitekt	2
Bókasafns- og upplýsingafr.	2
Framhaldsnám í búvísindum	2
Grafísk hönnun	2
Handmennt	2
Íþróttakennari	2
Markaðsfræði	2
Skipstjóranám	2
Stærðfræði	2

Tannlæknir	2
Trésmíði	2
Tæknifræði	2
Umhverfismenntun	2
Vélvirkjun	2
Viðskiptalögfræði	2
Ættfræði	2
Afbrotufræði	1
Djáknanám	1
Eðlisfræði	1
Endurskoðun	1
Fatasaum	1
Fiskeldi	1
Fiskvinnsla	1
Framhaldsnám á matvælasviði	1
Framhaldsnám í hjúkrunarfræði	1
Framhaldsnám í viðskiptafræði	1
Gráða í tæknigeira	1
Grunnd. málmíðnaðar	1
Hönnun og slíkt	1
Iðjuþjálfun	1
Líffræði	1
Líftækni	1
Ljósmyndun	1
Læknisfræði	1
Múrari	1
Prestur	1
Rafvirkjun	1
Raungreinar	1
Sérkennslufræði	1
Sjúkraþjálfun	1
Smiður, gamalt handverk	1
Smurbrauð	1
Spænska	1
Stýrimannaskólinn	1
Táknmál	1
Tónlist	1
Veðurfræði	1
Vélstjóranám	1
Þroskaþjálfun	1

Númer tvö:

Tölvunám	6
Sagnfræði	5
Rekstrarfræði	4
Sálfræði	4
Tungumál	4
Verkfræði	4
Stjórnunarnám	4
Bókmenntir	2
Dýralæknir	2
Félagsfræði	2
Íslenska	2

Kokkur	2
Náttúrufræðingur	2
Stærðfræði	2
Vélaverkfr.	2
Viðskiptafræði og hagfræði	2
Arkitekt	1
Auðlindadeild HA	1
Bókasafnsfræði	1
Bókhald	1
Búskapur - rekstur	1
Enska	1
Faggreinar	1
Fatasaumur	1
Félagsráðgjafi	1
Fjölmíðlun	1
Flugvísindi	1
Fornleifafræði	1
Framhaldsnám í hjúkrun	1
Grunnskólakennara	1
Hagfræði	1
Leikskólakennari	1
Listafræði	1
Líffræði	1
Læknisfræði	1
Markaðsfræði	1
Master í viðskiptalögfr.	1
Myndlist	1
Nudd	1
Pípulagningar	1
Sjávarlífeðlisfræði	1
Sjúkraþjálfun	1
Skrifstofutækni	1
Spænsk	1
Starfs og námsráðgjöf	1
Tengt málarastarfi	1
Verkmenntanám	1
Verkstjórn	1

Númer þrjú:

Lögfræði	2
Tónlistarnám	2
Byggingafræði	1
Gæða og staðalnám	1
Heilbrigðisfræði	1
Íþróttakennari	1
Mannfræði	1
Prestur	1
Sagnfræði	1
Stærðfræði	1
Tungumál	1

7.2. Á hvaða hátt getur fyrirtækið/stofnunin haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir?

- (Sí)endurmenntun
- Að þróa nýjar leiðir í ferðaþjónustu
- Aðgang að námi heima fyrir
- Allt getur ekki annað en grætt á slíku samstarfi og bætt í bakpokann
- Auka fjölbreytni í atvinnulífinu-skapa ný sóknartækifæri
- á sviði fiskvinslu og fiskveiðistjórnunar veiðafæri og fl.
- Á sviði þróunar starfsmannastjórnunar og þróunar gæðamála ofl.
- Betri markaðssetning og betri vara
- Bæta gæðin
- Einkum til að tryggja að viðeigandi aðferðir séu notaðar á starfsvæðinu, einkum vegna veðurs, jarðvegs aðstæðana auk búsetu/samfélagsþátta
- Eykur þekkingu á sérsviði starfsmanna. Eykur og bætir starf að nýsköpun. Fjölbreyttari og öflugri vinnumarkaður til að leita í vegna nýrra starfsmanna eða tímabundinna verkefna.
- Fjölgað viðskiptavinum
- gefa möguleika á verkefnavinnu t.d.ný markaðssetn.uppstokkun í fyrirtækinu sem væri metið inn í nám nemanda
- get ekki svarað þessu en tel mjög líklegt að við gætum haft hag af samstarfi þó ekki væri nema til að víkka sjóndeildarhringinn
- Gæða og nýtingar mál.
- Gæti nýst báðum aðilum vel. Gæti aukið fagmennsku starfsmanna. Gæti stuðlað að endurmenntun
- Hjálp / aðstoð vegna þróunarvinnu
- í nýjungum
- Líklegt að hluti stöðdeilda fyrirtækisins yrði staðsett á Ísafirði
- Margísleg hagkvæmni.
- Margt lærist við að vinna og þróa ný atriði þó prófskýrteini fylgi ekki alltaf með.
- Markasþróun
- Með bættri þekkingu starfsmanna
- Með fjarkennslu
- Með rannsóknum og þróun á markaði og framleiðslu
- Með samanburði við þjónustustig, á sviði stofnunarinnar. Gæðamat og úttekt á þjónustu. Úttekt á almennu heilsufari.Faglega kynning á þýðingu heilsuræktar og þ.h.
- með samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og þróunarvinnu ýmiskonar
- með þróunarvinnu og bættri meðferð á hráefni og aukinni úrvinnslu
- Með því að miðla af reynslu og sögu (starfar í menningartengdri ferðaþjónustu).
- Með því að taka þátt í samstarfi við háskólann og veita nemendum aðgang að starfsemi stofnunarinnar ef það hentar svo. Það gefur vinnustaðnum kost á því að vera stöðugt í tengslum við nýjar stefnur og strauma hverju sinni
- Meiri þekking og verkunnátta til að takast á við flókin störf.
- Rannsóknir á gæðum íþróttastarfs og forvarnargildi þeirra
- Samnýting starfsmanna, aðgangur að vel menntuðu starfsfólki
- Samnýtingu sérfræðiþekkingar og aðstöðu
- Stofnunin er rannsóknastofnun skv. lögum
- Stofnunin getur þá tekið frekar þátt í þróunarverkefni sem tengjast vestjörðum og aukið hlutfall háskólamenntaða starfsmanna
- Styrkir starfsemi
- T.d með markaðsrannsóknum
- T.d. Mælingar og mat, setn. markm. og. fl.
- t.d. verkefni á sviði markaðsrannsókna og þróunar á vörum fyrirtækis okkar
- Taka þátt í krefjandi verkefnum
- Til dæmis með markaðskönnunum.Könnun á nýjum leiðum í þjónustu.Gerð greiðsluáætlana ofl.

- um fjármögnun þróunarverkefna
- Unnið með rekstrarbrautum og nýtt það sem kemur út úr því í narkaðsetningu og markvissari rekstur.
- Unnið þróunarverkefni samhliða starfi
- Uppbygging atvinnugreina
- Varðandi frekara samstarf stofnana t.d. í atvinnuþróun, innleiðingu nýrra aðferða (t.d. reynslusveitarfélagaverkefni). Rannsóknir í húsnæðismálum, fjármálum o.fl. Einnig vegna samstarfs við nema.
- varðandi rannsóknir og gæðamál í iðnaði
- verkefnavinna
- Vinna við tilraunir og prófanir á framleiðslu fyrirtækisins, auk útfærslu á nýjum hugmyndum og tækni þar að lútandi. Það er vont og ástæðulaust að útskýra það allt í svona þröngum reit.
- Væntanlega varðandi markaðstengd atriði, þarfagreiningar og slíkt.
- Vöruþróun
- Vöruþróun og rannsóknir þeim tengdum
- VöruþróunMarkaðsmál
- Ýmsar kannanir sem hægt er að gera hjá stofnun sem liður í lokaritgerðum
- Þjónusta við verklegar rannsóknir í sjávarútvegsgreinum.
- þróun nýrra vörutegunda. -hagræðing í vinnslu
- þróun stofnunarinnar -stefnumörkun í síbreytilegu umhverfi
- Þróunarstarf í gangi innan fyrirtækisins. Vantar þekkingu.

7.3. Hvers vegna getur fyrirtækið/stofnunin ekki haft hag af samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir?

- Eðli þjónustunnar er slíkt að þar er lítið um þróun búnaðar. En þó hugsanlega uppsetning á búnaði sem aðrir þróa.
- Engin tengsl á sviði ranns eða þróunar
- Fáar rannsóknir á starfsviði fyrirtækisins
- Hvorki tími né fjármagn til þess að vinna að rannsóknum og þróunarverkefnum.
- Sé ekki tilefnið
- Starfið felst í vigtun sjávaraflla og viðhaldi á búnaði sem þarf fyrir höfnina
- Vandséð hvernig rannsóknir og þróun á háskólastigi myndu geta nýst fyrirtæki

Heimildir

- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson (2002) *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Byggðastofnun (1995) *Breyttar áherslur í byggðamálum: Stefnumótandi byggðaáætlun 1994-1997*. Reykjavík, Byggðastofnun.
- Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun (2003) *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu- og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Castells, M. (2000) *The rise of the network society, 2nd ed.* Oxford, Blackwell.
- Grétar Þór Eyþórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001) *Kárahnjúkavirkjun, mat á samfélagsáhrifum*. Reykjavík, Landsvirkjun (LV-2001/031)
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson (2003) *Forgangsröðun framkvæmda í vegakerfinu: Félag- og efnahagsleg áhrif samgöngubóta – Áfangaskýrsla II*. Akureyri, RHA.
- Hjalti Jóhannesson (2002) *Íslenskar byggðarannsóknir; samantekt og greining*. Akureyri, Byggðarannsóknastofnun.
- Hjalti Jóhannesson (1990) *Internal migration in Iceland 1983-1987: A study of regional differences*. Ontario, York University.
- Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson (1989) *Búsetuóskir og fólksflutningar*. Reykjavík, Húsnæðisstofnun Ríkisins.
- Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir (2003) *Búsetuskilyrði á Íslandi: Rannsókn meðal fólks í fjórum landshlutum*. Akureyri, Byggðarannsóknastofnun.
- Schultz, T. (1961) Investment in human capital. *The American Economic Review*. LI, 1: 1-17
- Sigurður Guðmundsson (1973) *Internal migration in Iceland*. Waterloo, Waterloo University
- Stefán Ólafsson (1997) *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi*. Reykjavík. Byggðastofnun.
- Vegagerðirn (1999) *Jarðgangaáætlun*.